

Brímfaxi



Með og á móti

Tekist á um leyfi til netaveiða

bls: 10



Gleymdist fjöreggið?

Stefán Skapti Steinólfsson

bls: 22



FarFish: alþjóðlegt verkefni

Jónas R. Viðarsson MATÍS

bls: 24

Tímarit Landssambands smábátaeigenda 2. tbl. 2017

Hvar á að taka
aflann í frjálsar
handfæraveiðar?

jól 2017

ÞÚ ERT ÚR LEIK. HVAÐ TEKUR VIÐ?



LÍF- OG SJÚKDÓMATRYGGINGAR

Ef lífið væri leikur þá væru áföllin fljótlega gleymd. En þú færð ekki gefið upp á nýtt í lífsins leik. Hver tekur við þínum skuldbindingum ef þú þarft að sitja hjá?

Hafðu samband við Vörð og saman finnum við út hvaða líf- og sjúkdómatryggingar henta þér og þínum.

VEISTU HVAÐ ÞÚ ÁTT?

 vörður



Efnisyfirlit

Leiðari	2
Fiskveiðistjórnunarkerfið á Nýja Sjálandi	6
Með og á móti	10
Litið um öxl	14
Gleymdist fjöreggið ?	22
Íslendingar í rannsóknum á veiðum evrópska fiskveiðiflotans í Suður-Atlantshafi og Indlandshafi	24
Rás 16 – alþjóðleg neyðarrás sem hefur bjargað fjölmörgum mannlífum	30
Saga og þróun DNG færavindunnar	36
Hvar á að taka aflann í frjálsar handfæraveiðar?	38
Hreinlæti – lykilþáttur í sjávarútvegi	41
Af grásleppumálum á Nýfundnalandi	42
Sjávarútvegsráðuneytið er með plan	46

Útgefandi: Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. **Ritstjóri:** Arthur Bogason. **Ritnefnd:** Arthur Bogason, Axel Helgason og Örn Pálsson. **Ábyrgðarmaður:** Arthur Bogason. **Umsjón með útgáfu:** Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. **Umbrot:** Harri. **Auglýsingar:** Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. Sími 892 2585. Netfang arthur@smabatar.is **Myndir:** Arthur Bogason, Magnús Þór Hafsteinsson o.fl. **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja. **Upplag:** 1200 eintök.



Formaðurinn og framtíðin

Leiðari

Á haustin, þegar svæðisfélög LS halda sína árlegu aðalfundi er hefð fyrir því að formaður og framkvæmdastjóri LS sækji fundina með innlegg og upplýsingar. Í haust fór ég fyrsta skipti í slíka yfirreið. Hún var mjög ánægjuleg og upplýsandi að heyra frá félögum okkar á þeirra heimavígstöðvum.

Mæting var misjöfn, allt frá 10% og upp í 90% af skráðum félögum. Framkvæmd og undirbúningur fundanna var allt frá því að vera til fyrirmynda og til þess að vera heldur slaklegur. Um ýmislegt var fjallað, m.a. svæðisbundin mál, landsmálin og staða félaganna sjálfra. Kosið var í stjórnir, valdir fulltrúar á aðalfund LS og síðan lagðar fram tillögur að ályktunum sem félögin sendu inn á aðalfund LS, væru þær samþykktar.

Þessar tillögur eru allt frá því að vera sjálfsögð endurtekning á málum sem búið var að álykta um áður, en ekki náðst í gegn til þess að vera róttækar tillögur sem gætu kúvent umhverfi smábátaútgerðar.

Ætla mætti að þeir sem leggja fram róttækar tillögur vinni þeim brautargengi í umræðum fyrir aðalfund með útarlegum greinargerðum og/eða greinarskrifum. Það hefur því miður ekki verið raunin. Dæmi eru hins vegar um greinarskrif frá tillöguflytjendum þar sem tíundað er að of mörg svæðisfélög séu að fjalla um þeirra tillögur og taka afstöðu til þeirra áður en til aðalfundar kemur. Þetta sé bagalegt og ekki í anda lýðræðis.

Ég tel að við þurfum að staldra við og velta fyrir okkur hvort hægt sé að koma á öðru fyrirkomulagi við að móta þá stefnu sem ákveðin er á aðalfundi. Fyrirkomulagi sem geri öllum félagsmönnum kleift að taka þátt í atkvæðagreiðslum og leggja inn ályktanir fyrir aðalfund.

Það sem brennur heitast á okkar félagsmönnum nú um stundir eru veiðigjöldin.

Mikil vinna hefur verið lögð í að skoða forsendur útreikninga og útreikningana sjálfa.



Fiskifélag Íslands

**Fiskmarkaður
Patreksfjarðar ehf**



Fjallabyggð



Svæðisfélög Landssambands smábátæigenda senda félagsmönnum sem og landsmönnum öllum sínar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár!

Árborg, félag smábátæigenda á Suðurlandi
Smábátafélag Reykjavíkur
Báran, félag smábátæigenda í Hafnarfirði og Garðabæ
Elding, félag smábátæigenda í Ísafjarðarsýslum
Farsæll, félag smábátæigenda í Vestmannaeyjum
Félag smábátæigenda á Austurlandi
Fontur, félag smábátæigenda á Norð-Austurlandi
Hrollaugur, félag smábátæigenda á Hornafirði

Klettur, félag smábátæigenda á Norðurlandi eystra
Reykjanes, félag smábátæigenda á Reykjanesi
Sæljón, félag smábátæigenda á Akranesi
Skalli, félag smábátæigenda á Norðurlandi vestra
Smábátafélagið Strandir
Snæfell, félag smábátæigenda á Snæfellsnesi
Strandveiðifélagið Krókur
Drangey – Smábátafélag Skagafjarðar

31 milljarða hagnaður af veiðum árið 2015 er notaður sem stofn til útreikninga veiðigjalda. Þriðjungur af þeirri tölu - rúmir 10 milljarðar - er lagt á veiddan afla með tilliti til afkomiúgilda einstakra tegunda. Við bætist að 5% af 17 milljarða hagnaði fiskvinnslu leggst ofan á álagðan stofn. Útreikningur afkomiúgilda einstakra tegunda er í sumum tilfellum illa útfærður og kemur þannig út að botnfiskur er að jafnaði að borga niður uppsjávarfisk.

Hagstofan tekur saman hagnað veiða af sex flokkum skipa. Flokkur smábáta er 0-10 brúttó-rúmlestir og þar er hagnaðurinn 71 milljón af þessum 31 milljarði, sem er stofn til útreiknings veiðigjaldsins. LS hefur beðið Hagstofuna um að uppfæra sig með tilliti til þess að það eru rúmir tveir áratugir síðan stærðarmörk smábáta voru 10 brl, en eins og flestir vita eru mörkin 30 brúttótonn í dag. Það er sérstaklega áriðandi að fá hagnaðartölur smábáta aðgreindar vegna ólíkra forsendna í rekstri.

Það sem skekkir myndina mest er að hár hluti hagnaðar stórútgerðarinnar er til kominn vegna þess að þeir sem landa til eigin vinnslu gera upp á verði sem er að jafnaði 20% lægra en smábátar gera upp á. Þá er hagnaður af frystiskípum tekinn með hagnaði af veiðum, en á þeim skipum er

rúmlega helmingur hagnaðarins til kominn af vinnsluhlutanum. Óhætt er að fullyrða að samtala hagnaðar fiskvinnslu á sjó og í landi myndar 20% af því gjaldi sem smábátar greiða.

Þessu til viðbótar eru bókhaldslegar æfingar sem smábátæigendum dettur ekki í hug að nýta sér eins og bakfærð virðisrýrnun aflaheimilda - 3% af veiðigjaldinu. Og það er að stærstum hluta til komið frá einu útgerðarfyrirtæki!

Hvað annað á eftir að koma í ljós við frekari rúni á því hvernig þetta gjald er reiknað? Smábátæigendur eru að greiða verulega hátt hlutfall veiðigjalds út frá forsendum sem ekki eiga við í rekstri smábáta. Stjórnarsáttmáli nýrrar ríkisstjórnar gefur góðar væntingar um lækkingu veiðigjalda á smábátaútgerðina. Það er krafa smábátæigenda að ríkisstjórnin lækki nú þegar veiðigjald hjá litlum og meðalstórum útgerðum.

Kæru félagar ég óska ykkur, fjölskyldum ykkar og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.

Axel Helgason

Formaður Landssambands smábátæigenda



★ Gleðilega hátíð



JOSSON & LEVAKS - JUS - SA

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000





Staða Maori frumbyggjana í fiskveiðum Nýja Sjálands

Fiskveiðistjórnunarkerfið á Nýja Sjálandi

Undanfarin 15 ár hef ég lagt stund á rannsóknir á fiskveiðikerfinu á Nýja Sjálandi, sem er kvótakerfi með framseljanlegum aflaheimildum. Rannsóknum mínum hef ég beint sérstaklega að þætti Maori ættbálksins/frumbyggjana innan kerfisins. Sem mannfræðingur beinist áhugi minn sérstaklega að því að kanna félags- og menningarleg áhrif kvótakerfisins.

Hverjar eru t.d. félagslegar afleiðingar af einkavæðingu fiskveiðiréttinda? Hvernig virkar markaðurinn í kvótakerfinu?

- Hverra er ávinningurinn og hverjum er útt út í kuldann?
- Hvernig voru Maoriar, sem voru utan kerfisins, teknir inn í það?
- Hvað þýðingu hefur sjórinn og fiskistofnarnir fyrir almenning?

- Eru vísindin samhæfð þekkingu fiskimanna sem og hinni hefðbundnu menningu frumbyggjana?

Margt er líkt með fiskveiðikerfunum á Íslandi og Nýja Sjálandi. Bæði voru kerfin kynnt uppúr 1980. Veiðiréttinum var úthlutað til starfandi útgerðamanna. Þrátt fyrir að markaðir með aflaheimildir séu til staðar, hafa þeir ekki virkað á þann hátt að dreifa veiðiheimildum á fleiri hendur, heldur hefur hið gagnstæða gerst. Mikil samþjöppun hefur átt sér stað. Nýgliðun er sáralítill og litlu sjávarþorpin eru mörg hver illa stödd.

Í öðru munar talsverðu. Í kerfinu á Nýja Sjálandi eru t.d. um 100 fisktegundir skilgreindar sem 638 fiskistofnar. Samþjöppun aflaheimilda er þar einnig mun meiri. Á Íslandi ráða 10 stærstu fyrirtækin yfir u.þ.b. 50% af kvótanum en á Nýjasjálandi ráða 5 fyrirtæki yfir 80% af öllum aflaheimildum.

Takmarkanir eru á erlendu eignarhaldi á Nýja Sjálandi. Þar eru tvenns konar kvótamarkaðir, annar sem höndlar með varnlegar heimildir og hinn með leigukvóta innan ársins.

Á Nýja Sjálandi er að finna mjög öflugan hóp frumbyggja, Maori, sem er tæp 15% íbúanna. Árið 1986 fengu þeir viðurkenningu á veiðiréttindum samkvæmt svokölluðum Waitangi samningi frá 1840. Þessi réttindi voru síðan staðfest árin 1992 og 1998.

Mér sýnist að einkaeign á veiðiréttindum sé mun sterkari á Nýja Sjálandi en á Íslandi. Það hefur, að mínu áliti að hluta til með það að gera að samningarnir við Maoria áttu að bæta fyrir gamlar syndir frá nýlendutímanum. Samningurinn hafði að auki að markmiði að lokka Maoria til starfa í sjávarútveginum.

Árið 2004 var Maori kvótanum skipt niður í 57 eignarhaldsfélög í eigu ættbálkanna.

Spurningin sem ég glími við í þessari grein er af hverju þetta markmið, þ.e. að hvetja til þátttöku Maoria í sjávarútveginum hefur að mestu mistekist.

Iwi kvótasamningurinn

Þegar vísað er til kvóta Maori ættbálkanna er talað um Iwi kvótasamninginn (Iwi þýðir ættkvísl). Í heild eiga Maoriar um 33% af kvótunum á Nýja Sjálandi. Kvótasamningurinn frá 1992 er kallaður "SET" sem er tilvísun í uppruna hans. Eingöngu þessir kvótar falla, samkvæmt lögum, undir þennan titil og allir aðrar kvótar kallast „venjulegir kvótar“.

Eins og áður sagði eru Maori kvótarnir hugsaðir sem leiðrétting á fyrri misgjörðum nýlendu-herrana og því sáttmáli byggður á frumbyggjarétti. Í honum er vísað til forfeðraréttar og hefðbundinnar þekkingar, sjálfsmyndar og lífsviðurværis ásamt ábyrgðar á komandi kynslóðum.

Kvótarnir eru einnig tengdir eignarrétti sem rekur rætur sínar langt aftur fyrir tíma kvóta-kerfisins. Fyrir tíma nýlendutímans áttu ættkvíslirnar á ströndinni sjóinn og fiskistofnana. Við upphaf nýlendutímans var aðgangur að sjó og

fiski opnaður í samræmi við enskt réttarfyrikomulag.

Maori kvótarnir eru háðir ólíkum lagalegum takmörkunum við hlið hinna „venjulegu kvóta“. Þannig er sala á þessum veiðiheimildum mjög erfið. T.d. verða 75% handhafa slíkra kvóta að samþykkja sölu og sala út fyrir ættbálkana er bönnuð. Jafnvel þótt sala sé samþykkt fer eftir það í gang flókið lagalegt ferli.

Handhafar Maori kvótanna bera þá skyldu að hagnaði af veiðunum sé dreift meðal ættbálkanna. Enn sem komið hefur enginn Maori kvóti verið seldur. Þeir eru annað hvort veiddir en aðallega leigðir innan ársins.

Sú spurning vaknar hvort útskýfun ættbálkana á nýlendutímanum geri að verkum að þær vonir sem bundnar voru við að endurvekja réttindi þeirra samkvæmt samningnum frá 1840, um upprisu gamallar þekkingar og menningar, hafa ekki ræst.

Í mínum rannsóknum meðal fulltrúa ættbálkanna kemur fram að þeir líta á kerfið sem „brotið“. Það grafi undan sameiginlegum réttindum og auðlindavernd. Þá benda þeir á að þótt Maoriar eigi þriðjung veiðiheimildanna séu áhrif þeirra innan sjávarútvegsins hverfandi.

Þá telja þeir telja upp ástæður þess að þeir kjósi frekar að leigja kvótana en að veiða þá:

- 1. Úthlutanir í einstaka tegundum eru svo takmarkaðar að þær standa ekki undir útgerð. Slíkar heimildir eru leigðar til fyrirtækja sem safna mörgum slíkum kvótum saman.**
- 2. Þar sem söluferlið er svo flókið er mun þægilegra að leigja.**
- 3. Í sumum tilfellum eru Maori kvótarnir hluti af fjölbreyttu eignasafni, en í öðrum eru þeir eina marktæka eign viðkomandi. Með því að leigja draga þeir úr áhættu og uppskeru mesta mögulega hagnað.**
- 4. Margir ættbálkanna ráða ekki yfir tækni, tækjum, fjármagni né þekkingu til að stunda úthafsveiðar. Enginn ættbálkur rekur útgerð í úthafsveiðum.**

5. Stór hluti Maori kvótanna er í verðlitlum tegundum. Þetta ýtir undir að leigja slíkar veiðihimildir frá sér, frekar en að veiðar þær sjálfir. Verðmestu tegundirnar, eins og hokinhali og snapper eru í eigu annarra.

Ég ræddi við einn af öldungum stærsta ættbálksins. Hann útskýrði sumar af hinum félagslegu afleiðingum:

„Þetta er sannkallað áhyggjuefni. Við getum ekki hjálpað okkar eigin fólki. Ég fór á fund á Vesturströndinni á mínu strandsvæði. Þar voru uppi óskir um bát og kvóta. Þeir vildu að ættbálkurinn keypti bátinn og skaffaði kvótann. Ég settist niður með þeim og reiknaði þetta út og útskýrði. Þetta var vonlaust. Dæmið gekk einfaldlega ekki upp.“

Vangaveltur um framtíðina

Iwi samningurinn leggur áherslu á staðbundna þróun í fjárfestingaráætlunum ásamt því að þróa innfjarðaveiðar með litlum bátum og kyrrstæðum veiðarfærum. Slíkt myndi endurvekja hefðbundið mynstur atvinnuveiðanna.

Raunin er sú að helsta atvinnustarfsemin í dag er umsjón kvóta- og leigusamninga.

Það má halda því fram að kvótakerfinu sjálfu sé ætlað að framleiða auð úr kvótaviðskiptum frekar en raunverulegum fiskveiðum.

Leiguferillinn, sem að öllu jöfnu er framkvæmdur af kvótaleigum eða netmiðlurum flækir umsjónarþætti ættbálkasamningsins. Það er tvennt að vera ábyrgur fyrir umhverfinu eða hinum efnahagslega þætti. Staða Maoria innan þessa umsýsluumhverfis er að margra mati algerlega óviðunandi og brýn þörf sé á að brjóta það upp.

Fiona McCormack

Heimspekingur og mannfræðingur
Waikato Háskólanum á Njúja Sjálandi

**Hreinsiefnaplan
Fyrir smábáta**

**VEIÐIBÚNAÐUR
OG VEIÐARFÆRI**
FOR JET
CLORFOAM
BACTER 100 SÓTTREINSIR

**RAFEINDABÚNAÐUR OG
STJÓRNTÆKI**
SOLEX

VÉL
FOR JET
SOLEX

ELDHÚS OG VISTARVERUR
SOLEX
BIONET
ITRAM GEL
DERMITRIAM
FARMITRAM

LEST, KÖR OG KASSAR
JET FOAM
CLORFOAM
BACTER 100 SÓTTREINSIR

BÁTURINN AÐ UTAN
JET FOAM
CLORFOAM
DESIN JET

Eggert Bjarnason
eggert@hreinlaetislausnir.is
Sími: 780 7979

Bjarni Eggertsson
bjarni@hreinlaetislausnir.is
Sími: 893 0660

Hreinlætislausnir ehf - Suðurhella 8 - 221 Hafnarfirði - Ísland - www.hreinlaetislausnir.is

Hverjir eru Maoriar?

Maoriar eru frumbyggjar Nýja Sjálands sem komu upprunalega frá Austur-Pólónesíu. Þeir fóru sjóleiðina á kanóum á árabílinu 1250 – 1300. Á Nýja Sjálandi þróuðu þeir með sér næstu aldirnar einstaka menningu sem fékk heitir Maori, með sitt tungumál, goðafræði, handverk og leiklist. Snemma í þessu ferli mynduðu þeir ættbálka byggða á Austur-Pelónesísku skipulagi. Garðyrkja blómstraði m.a. með plöntum sem þeir tóku með sér.

Koma Evrópubúa til Nýja Sjálands á 17. öld gjörbylti þeirra lífnaðarháttum. Maoriarnir aðlöguðust skref fyrir skref hinu vestræna menningarsamfélagi. Samskipti Maoriana og Evrópubúa voru að mestu vinsamleg og með undirritun sáttmálans um Waitangi árið 1840 sameinuðust þessi tvö menningarsamfélög sem hinar nýju bresku nýlendur. Engu að síður kom til uppreisnar árið 1860 vegna deilna um landsölu. Félagsleg upplausn meðal Maori, átök til áratuga og faraldrar innfluttra sjúkdóma tóku hrikalega tolla af Maori ættbálkunum.

Í byrjun 20. aldar voru Maori ættbálkarnir byrjaðir að hjara við og verulegt átak var gert til að bæta stöðu þeirra í samfélaginu með tilliti til félagslegs réttlætis. Frumbyggjamening Maori fólksins hefur því hlotið víðtæka viðurkenningu innan samfélagsins.

Í manntali 2013 á Nýja Sjálandi kom fram að Maoriar voru u.þ.b. 600 þúsund, eða nálægt 15% þjóðarinnar. Þeir eru nærst stærsti þjóðurinn á



Húsgafl á húsi Maori ættbálks minnr óneitanlega á stafrn gamalla víkinga

Nýja Sjálandi. Að auki búa um 140.000 Maoriar í Ástralíu og önnur 20 þúsund vítt og breitt um heiminn.

Maori tungumálið (Te Reo Maori) er enn talað af um það bil fimmtungi Maori.

Dr. Fiona McCormack er doktor frá árinu 1993 í heimspeki og mannfræði við Waikato Háskólann á Nýja Sjálandi.

Árið 1993 skrifaði hún ritgerð um menningarleg áhrif auðlindastjórnunarlaganna á Nýja Sjálandi. Undanfarin 15 ár hefur hún lagt stund á rannsóknir á áhrifum fiskveiðistjórnunarkerfisins á Maori ættbálkinn, þann stærsta í landinu. Á Nýja Sjálandi er rekið mjög áþekkt fiskveiðistjórnunarkerfi og á Íslandi, þ.e. kvótakerfi með framseljanlegum einstaklingsbundnum veiðiheimildum.





Með eða á móti

Varðveitum sérstöðuna

Aðalfundur Landsambands smábátæigenda var haldinn 19.-20. október sl. Að venju voru mörg mál á dagskrá, skipst á skoðunum og mál afgreidd með atkvæðagreiðslum.

Það mál sem fékk mesta umfjöllun var tillaga um það hvort heimila ætti krókaafلامarbsátum að veiða í þorskanet. Þessari tillögu hafði verið dreift á sveitarstjórnir landsins af félagi Smærri útgerða, SSÚ þar sem leitað var eftir stuðningi. Það eina sem eg veit í þessu sambandi er að henni var hafnað af sveitarfélaginu Skagafjörður.

Þeir sem töluðu fyrir tillögunni færðu sterk rök fyrir máli, þ.á.m. því að línubátar næðu ekki tilskildum afla fyrir sunnan. Reyndar fara margir norður þegar haustar en nú telja þeir ekki heldur á vísan að róa þar. Fyrir sunnan gætu þeir auðveldlega stundað netaveiðar. Þá væri kostnaðarminna að taka fiskinn í net heldur en á línu. Ýmis fleiri rök voru tífunduð, meðal annars aukin hagkvæmni sem skipt gæti sköpum fyrir sumar smærri útgerðir.

Andmælendur voru einnig með sterk rök. Ég þar á meðal. Fyrir liggur að ýmis alþjóðleg samtök berjast á móti netaveiðum og því gæti það skaðað okkur stórlega bæði varðandi markaðsmál og ekki síður ímynd okkar sem vistvæn og ábyrg fiskveiðipjóð. Krókaafلامarkið hafi skapað íslenskri smábátáútgærð sérstöðu og góða ímynd sem færir fyrir lítið. Þá berast fréttir frá Bandaríkjunum að því sé hótáð að þjóðir

sem stunda veiðiaðferðir þar sem sjávarspendýr geta drepist í, fái ekki að flytja þangað sjávarafurðir. Í því samhengi gætu grásleppuveiðarnar verið á hættunni.

Á það var einnig bent að undirliggjandi krafa netaveiðitillögunar væri að sameina krókaafلامarkið aflamarkskerfinu. Reynslan af því að hafa aflaheimildir smábáta innan sama kerfisins og stórútgærðarinnar er öllum ljós sem skoðað hafa söguna. Smábátáflotinn þurrkast út.

Tillagan var síðan borið undir atkvæði og eftir tvöfalda atkvæðagreiðslu felld með 22 atkvæðum gegn 20. Ekki voru allir sáttir við þessi málalok og sögðust koma tvíefldir á næsta aðalfund.

Leiða má hugann að því hvað hefði skeð ef þessi tillaga hefði verið samþykkt. Þá myndu stærri útgerðir sem nú eru í krókakerfinu þurfa stórauknar veiðheimildir og því smátt og smátt mjólka af þeim bátum í krókaafلامarkinu sem minna mega sín.

Þá myndu útgerðir sem eru í stærra kerfinu sækja í auknum mæli í minna kerfið þar sem aflaheimildir kosta væntanlega minna.

Fækkun smábáta er mikið áhyggjuefni og hún myndi fara á flug við slíkar breytingar.

Steinar Skarðhéðinsson



Með eða á móti

Takmörkum ekki okkar eigin hag

Á síðasta aðalfundi L.S. var tekist á um tillögur um rýmri veiðarfæraheimildir krókaleyfisbáta. Þ.e.a.s. veiðar í þorskanet. Súndist sitt hverjum og í upphafi fundar var ljós mikil andstaða við tillögurnar meðal annars frá forystu sambandsins, sem gerði sitt til að stýra niðurstöðu fundarins. Hins vegar snérist sífellt fleiri á sveif með tillögum um netaveiðar eftir því sem líða tók á fundinn og menn gáfu sér tíma til að skoða röksemdirnar fordómalaust. Aukin þekking eyddi andstöðunni. Þegar mér bauðst að koma sjónarmiðum mínum á framfæri hér, þáði ég það því með þökkum.

Hagkvæmni

Kostnaðurinn við línuveiðar, ekki síst með landbeittri línu, er gríðarlegur og fer bara vaxandi á sama tíma og fiskverð hefur lækkað mikið. Þegar haldið er í róður með 24 bala er kostnaðurinn við línuna ca 200 þúsund. Lítið má því út af bregða til að afraksturinn af róðrinum verði enginn fyrir útgerðina. Kostnaður við netaveiðar er sáralítill, og hverfandi í samanburði við línuveiðar.

Sanngirni

Til að bæta gráu ofan á svart eru krókaleyfisbátar látnir greiða jafnhátt auðlindagjald eins og aðrir en er óheimilt að nýta sér hagkvæmni netaveiðanna. Heimild til netaveiða er þess vegna sanngirnismál.

Samþjöppun

Framangreindar þrengingar í rekstri línuútgerðar smábáta hafa leitt, og munu leiða, til samþjöppunar

aflaheimilda. Þeir smærri gefast upp á kostnaðinum og skattheimtunni. Með möguleika á hagkvæmni netaveiðanna myndu fleiri sjá fram á að geta haldið áfram í útgerð. Þá má spyrja: “af hverju selja menn þá ekki og kaupa í stóra kerfinu?” Svarið er einfalt: Verðmunurinn er of mikill. Og hver á að kaupa? Þeir stóru eru einu mögulegu kaupendurnir og því blasir samþjöppun krókaafلامarksheimilda við. Heimild til netaveiða bætir hins vegar afkomu þeirra smærri og dregur þannig úr samþjöppuninni.

Fiskifræðin

Hafrannsóknarstofnun hefur gefið út það álit sitt að veiðarfæratakmarkanir krókaleyfisbáta séu ekki vegna fiskverndarsjónarmiða og að engin fiskifræðileg rök séu gegn því að leyfa notkun þorskaneta. Heimild til netaveiða myndi því auðvelda smábátaútgerðum að bæta nýtingu aflaheimilda og þannig stuðla að minni sóun.

Að lokum, í bili

Undarlegt er að aðalandstaðan gegn netaveiðum krókaafلامarksbáta komi frá Landsambandi smábátæigenda. Landsambandið á auðvitað að berjast fyrir bættum hag allra sinna félagsmanna. Netaveiðar munu ekki skerða hag neinna félagsmanna en hins vegar bæta hag allmargra. Ég hvet því Landsambandið til að berjast fyrir heimild til netaveiða og bættum hag félagsmanna sinna. Við skulum ekki takmarka okkar eigin möguleika. Það er nóg af öðrum sem vilja gera það.

Gísli Örvar Marteinnsson



Úndína í Reykjavíkurhöfn Það var um borð í þessum bát sem Jón Bjarnason, þáverandi sjávarútvegsráðherra skrifaði undir fyrstu reglugerðina um strandveiðarnar 2009, en áður hafði Steingrímur J. Sigfússon komið þeim á með bráðabirgðalögum.

40 ára reynsla í vinnslu og útflutningi á grásleppuhrognum tryggja þér ávallt toppverð og tryggjar greiðslur fyrir þinn afla

Jón Ásbjörnsson hf / Fiskkaup hf óskar starfsólki, viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



DRS4D / 6A-NXT



Nýju NXT ratsjárnar frá Furuno nota nýja "solid-state" tækni og bjóða upp á fjölda nýrra eiginleika.

- X-band ratsjár með breytilegum snúningshraða, 24/36/48 RPM
- Magnetrónulausar ratsjár sem þurfa aðeins 25 W í sendiorku
- Tengjast beint við Time Zero og NavNet Touch
- Breiðbandsþúls „RezBoost“ sem gefur hærri upplausn og skarpari greiningu
- Langdrægni frá 32 sml með 60sm hatti (DRS4D-NXT)
- Langdrægni frá 72 sml með val um 3.5', 4' eða 6' loftnetsstærðir (DRS6A-NXT)
- Litar endurvarp eftir því hvort það sé kyrrstætt eða á hreyfingu
- Allt að 2° sendigeisli með DRS4D-NXT eða 0.7° með DRS6A-NXT. Þrengri geisli gefur betra langdrægi og greiningu fjær en breiðari geisli gefur betri greiningu nær
- Ferlar allt að 100 ARPA merki samtímis
- Greinir fugla á allt að 5 sml sem getur verið kostur við fiskileit



GP-3700 og GP-3700F leiðariti með innbyggðum dýptarmæli. Snjallir eiginleikar, einfaldleiki og hraði í fyrirrúmi.

- Stór 12.1" IPS LCD skjár
- Innbyggður dýptarmælir (GP-3700F)
- Sendiorka 600 W / 1 kW
- Tíðnir 50 og 200 kHz
- Stærðargreining fisks og botngreining
- Nákvæm sjókort frá MapMedia
- Innbyggður GPS móttakari
- Miklir tengimöguleikar með 3 NMEA-0183, NMEA-2000, LAN, 2 USB og skjá útgang
- Heildar minni fyrir 990,000 punkta

GP-3700/F





Saga baráttunnar rifjuð upp

Litið um öxl

5. desember sl. voru 32 ár liðin frá stofnun Landssambands smábátæigenda. Á þeim tíma hafa orðið magnaðar breytingar á umhverfi félagsmanna. Hér verður fjallað um einn þeirra þátta sem standa hvað hæst í sögu félagsins.

Í fyrstu samþykktum LS var þess getið að félagar gætu einungis orðið þeir sem væru eigendur að smábát sem væri minni en 10 brl. Samfara þróun smábáta og auknum veiðirétti hafa verið gerðar breytingar og er nú ekki kveðið á um neinar stærðartakmarkanir.

Veiðitakmarkanir á hvern bát

Á tímabilinu 1986 -1987 voru bátum minni en 10 brl. bannaðar veiðar frá 15. desember til 15. janúar, 10 daga um páska og í ágúst og 7 daga í júní og október. Sérstakt leyfi þurfti til að stunda netaveiðar á tímabilinu 15. febrúar – 15. maí sem gildi í ákveðinn dagafjölda með þorskaflahámarki.

Reglugerð um veiðar smábáta

Í janúar 1988 var í fyrsta skiptið gefin út sérstök reglugerð um veiðar smábáta. „Reglugerð um veiðar smábáta 1988“. Þar var kveðið á um að bátar 6 brl. og stærri væri skylt að fá leyfi til veiða, ennfremur bátar minni en 6 brl. sem stunduðu netaveiðar. Aflí þessara báta var takmarkaður með aflahámarki og banndögum. Bann dagar voru óbreyttir að því undanskildu að jólafrí byrjaði 10. desember.

Netaveiðar báta minni en 6 brl. voru bannaðar, þó með þeirri undantekningu að þeir sem höfðu stundað þær árin á undan fengu að halda áfram veiðum með þorskanet.

Aflahámark gildi um eftirtaldar bátastærðir:

1. *bátar minni en 6 brl. sem voru á netum voru takmarkaðir við 60 tonn*
2. *bátar frá 6 brl. að 8 brl. 75 tonna aflahámark*

3. bátar frá 8 brl. að 10 brl. 100 tonna aflahámark
4. bátar stærri en 9,5 brl sem teknir voru í notkun á árinu 1987 eða 1988 aflahámark þeirra var 125 tonn.

Kvóti byggður á veiðireynslu

Fyrsti aflareynslukvótinn leit dagsins ljós í þessari reglugerð. Velja mátti 2 bestu árin á tímabilinu 1985 – 1987 og fá 90% af meðaltalinu í kvóta, eða 70% af því sem veitt var á árinu 1987. Flokkar V og VI.

Afli við línuveiðar í nóvember – febrúar reiknaðist 50% til aflahámarks.

Aflahámark var óframseljanlegt, þó var eins og enn er heimilt að flytja aflamark af skipum 10 brl. og stærri til smábáta ef sérstaklega stæði á. Umsögn frá LS, sveitarstjórn og stjórnar sjómannafélags á viðkomandi stað var skilyrði.

Skerðing aflahámarks

Reglugerð 1989 markaði þáttaskil. Þar var kveðið á um lækun á aflahámarki hjá bátum í II. og III. flokki, 5 tonn í hvorum flokki og 10 tonn í flokki IV. Ennfremur var viðmiðun aflareynslubáta lækkuð úr 90% í 85%.

Reglugerð um veiðar smábáta á árinu 1990 boðaði áframhaldandi skerðingu á aflahámarki. Veiðiheimildir voru eftirfarandi:

1. 55 tonn
2. 65 tonn
3. 85 tonn
4. 105 tonn
5. 80% af veiðireynslu að hámarki 170 tonn
6. 65% að hámarki 170 tonn.



Örn Pálsson rekur í stórum dráttum söguna til dagsins í dag

Smábátar kvótasettir

Stærsta málið, og það sem átti eftir að hafa gríðarlegar breytingar í för með sér fyrir útgerð smábáta og smábátæigendur, voru ný lög um stjórn fiskveiða. Samþykkt 15. maí 1990 og fengu númerið 38.

Í bráðbirgðaákvæði laganna var kveðið á um kvótasetningu allra smábáta 6 brl. og stærri og að eigendur báta þar undir gætu valið um að fara í kvóta eða að veiða með línu og handfærum frá 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1994. Flestir sem höfðu einhverja veiðireynslu völdu kvótann enda skýrt kveðið á um kvótasetningu hjá þeim sem fóru í krókakerfið.

Aflahlutdeild ákveðin

Hlutur smábáta var miðaður við veiðar þeirra árið 1989. 12,91% í þorski, 7,3% í úsu og 2,83% í ufsa. Þegar dæminu var lokað voru eigendur alls 1.139 báta byrjaðir krókaveiðar á bátum minni en 6 brl. Hlutdeild þeirra í þorski var aðeins 2,18% sem þeir skyldu skipta með sér samkvæmt aflareynslu hvers og eins frá 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1994. Á fiskveiðiárinu 1994/1995 var þeim því ætlað að fara inn í kvótakerfið.

Þegar greinarhöfundur staldrar við og flýgur til þessa tíma man hann eftir þeim óróleika sem fór um menn. Ábyrgðin á okkur forystumennina var einnig gríðarleg. Allt yrði að gera til að skapa

góð skilyrði fyrir kvótabáta og koma í veg fyrir hrun hjá þeim sem stunduðu krókaveiðar í bann-dagakerfi.

Fækkun smábáta

Hér í Brimfaxa hefur það verið rifjað upp hvernig til tókst með útgerð kvótabáta. Eigendur þeirra seldu veiðiheimildir frá sér í hundraða vís. Á aðeins 23 mánuðum hafði aflahlutdeild þeirra minnkað um rúman þriðjung, var komin niður í 7,81% 1. desember 1992. Aflamarksbátum fækkaði um 400 á þessu tímabili og veiðiheimildir færðust yfir á frystitogara.

Margar ástæður voru fyrir því hvers vegna smábátaeigendur ákváðu að hætta útgerð eða færa sig inn í annað veiðikerfi. Einna helst var það vegna minnkandi veiðiheimildar í þorski sem varð til þess að útgerðin bar sig ekki.

Rúmlega 100 þúsund tonna skerðing

Tekið var upp hugtakið fiskveiðiár, sem byrjaði á úthlutun til 8 mánaða 1. janúar 1991 til 31. ágúst. Heildarafli 245 þúsund tonn. Veiðiheimildir fyrsta heila fiskveiðíárið sem hófst 1. september 1991 voru hins vegar aðeins 265 þúsund tonn. Þannig varð heilsársúthlutun skert um rúm 100 þúsund tonn, eða 39%. Mikið reiðarslag fyrir þá sem voru nú komnir inn í kvótakerfið og byggðu afkomu útgerðarinnar nánast eingöngu á þorskveiðum. Það lá því beinast við að leita allra leiða til að bjarga sér.

Framsalið bjargaði mörgum

Framseljanleiki í kvótakerfinu gerði það að verkum að þeim stóð til boða greiðsla fyrir aflaheimildirnar og gátu þannig yfirgefið vettvanginn án verulegs fjárhagsskaða. Nánast án undantekninga streymdu þannig aflaheimildir smábáta yfir á stærri skipin. Þeir smábáta-




Vinnslustöðin óskar starfsmönnum sínum til lands og sjávar, Vestmannaeyingum og landsmönnum öllum gledilegra jóla með ósk um farsæld, frið og gæfu á nýju ári.



TZ NAVIGATOR



Endurhannað notendaviðmót gerir Time Zero Navigator auðveldari í notkun en nokkru sinni fyrr hvort sem það er á snertiskjá eða með mús.



Fríar veður upplýsingar

Time Zero Navigator býður upp á fríar veður upplýsingar yfir internetið.




Öflugt notendaviðmót

Hægt er að skipta skjánum sem best hentar hverju sinni.



Dýptarmælis viðmót

Tenging við alla NavNet dýptarmæla í boði sem gerir Time Zero Navigator að öflugu fiskileitarforriti.



Ratsjár viðmót

Allar NavNet ratsjár má tengja við Time Zero Navigator sem minnkar plássið sem fer undir tæki í brúnni.

Brimrún

Reykjavík - Sími 5 250 250 – Akureyri - Sími 5 250 260

MAREIND

Grundarfirði
Sími 438 6611

eigendur sem gjarnan hefðu viljað bæta við sig gátu ekki keppt við stórútgerðina. Það var þó langt í frá að allir hafi farið sjálfviljugir þessa leið. Ævistarfið sem þeir höfðu valið sér var frá þeim tekið eins og það var orðað.

Næstu ár þar á eftir hélt skerðingin áfram, leyfilegur þorskaflí fiskveiðiárið 1993/1994 aðeins 155 þúsund tonn. Viðmiðunaraflí hvers mánaðar hafði því farið úr 30.625 tonnum á fyrri helmingi ársins 1991 í 12.916 tonn á síðar hluta ársins 1993. Leyfilegur þorskaflí aðeins 42% af því sem hann var tveimur og hálfu ári fyrr.

Segja má með fullum styrk að það hafi verið með ólíkindum að smábátaeigendur í aflamarki hafi á þessum tíma náð að halda útgerðinni.

Krókakarlar réru upp á von og óvon

Lánið lék hins vegar við eigendur krókabáta þó vissulega hafi dagatakmarkanir bitið fast í og óttinn mikill hvað tæki við.

Jólafrí stóð í 2 mánuði, hófst 1. desember og lauk 31. janúar. Auk þess var óheimilt að stunda veiðar í 10 daga um páska og verslunarmannahelgi. Veiðarnar gengu hins vegar vel. Afli jókst ár frá ári.

LS var stöðugt að miðla upplýsingum um þá vó sem tæki við ef lögin yrðu látin koma óbreytt til framkvæmda. Stjórnvöld hlustuðu, alþingismenn hlustuðu. Niðurstaðan var að góður hljómgrunnur myndaðist við kröfu LS um breytingar á lögum þannig að smábátaútgerðin mundi áfram halda sínum styrk. Flestir viðurkenndu að yrði ekkert gert þýddi það endalok smábátaútgerðar.

Áhyggjur vegna þessa voru þó ekki yfirþyrmandi hjá ákveðnum aðilum eins og lesa má í tilkynningu sem LS sendi frá sér 24. mars 1994.

Vegna þeirra gjörningahríðar er nú gengur yfir vegna veiða smábáta vill Landssamband smábátaeigenda taka eftirfarandi fram:

Sjávarútvegsráðherra, Landssamband íslenskra útvegsmanna, útvegsbændafélög og nú síðast Sjómannasamband Íslands, hafa á undanförunum dögum stillt íslenskum trillukörlum upp sem

allsherjar blóraböggli allra vandræða sjávarútvegsins.

*Þessir aðilar hafa haldið því fram að ekki sé unnt að auka aflamark í þorski vegna veiða smábáta. Þetta er sérkennileg framsetning í kjölfar ótal yfirlýsinga Hafrannsóknastofnunar að nýafstaðið togararall **gefi ekki tilefni til aukins aflamarks!***

Þá láist þessum sömu aðilum að geta þess að við útgáfu reglugerðar um þorskveiðar fiskveiðiársins '93 - '94 er hvergi gert ráð fyrir millifærslu aflamarks milli ára, en hún er 13.478 tonn af þorski og mun sá afli bætast við þær aflatölur sem reglugerðin gerir ráð fyrir. Þá láist þeim einnig að geta þess að heimilt er að veiða 5% umfram úthlutað aflamark og gæti sú lagaheimild aukið aflann um 6.805 tonn.

*Aðeins þessi tvö atriði geta aukið afla fiskveiðiársins **um rúm 20.000 tonn, eða nánast allan ársafli svokallaðra krókaleyfisbáta.***

Með sama framsetningarmáta er hægt að halda því fram að skerða þurfi aflamark í þorski í byrjun næsta fiskveiðiárs um 15% vegna þessara lagaheimilda.

Þrátt fyrir þessar staðreyndir tónglast þessir aðilar á smábátaafnanum sem eina óvissuþættinum í fiskveiðistjórnuninni.

Tilgangurinn er aðeins einn. Hann er sá að afla verksmiðjuskipasægreifunum og fulltrúum þeirra fylgis við að leggja krókakerfi smábáta í rúst þannig að aflaheimildir þeirra verði framseljanlegar og stórútgerðin geti því í einu vetfangi verslað þær til sín. Best er að þeirra mati að þetta gangi sem hraðast fyrir sig, þar sem kvóta-braskið hefur enn ekki verið afnumið og því enn mögulegt að þvinga sjómenn til kvótakaupa.

En forystumenn sjómanna hafa þyngrí áhyggjur af afla krókabáta og hafa helgað krafta sína heilagri baráttu gegn trillukörlum sem í fjölda tilfella eru fyrrum félagsmenn sjómannasamtakanna.

Þá fjalla þessir aðilar ekkert um aðrar hliðar málsins, enda vart heppilegt þegar lagst skal á eitt um að koma þjóðinni í skilning um „staðreyndir“ málsins.

C-7000i



**NÝ
ÚTGÁFA**

FÆRAVINDA

TRAUST
ENDING
HAGKVÆMNI



HELSTU NÝJUNGAR:

- Litaskjár með hærri upplausn og skýrum táknmyndum
- Einfaldari síðuskipan og skilvirkari takkar
- Öflugri örgjörvi og stærra minni
- Fullkomnari talningabúnaður
- WiFi fyrir þráðlausar tengingar
- Bluetooth sem auðveldar þjónustu við vinduna
- GPS tækni fylgist með reki
- Nemar fyrir greiningu á bylgjuhreyfingum
- Innbyggðir hita og raka nemar
- Engin hátíðni hljóðmengun



UMHVERFISVÆNAR VEIÐAR

Naustatanga 2 • 600 Akureyri • Island
Sími: 460 2900 • Fax: 460 2901

dng@dng.is
www.dng.is

Heildarafl og veiðitímabil.
2. gr.
[Fyrir fiskveiðináð 1. september 1994 til 31. ágúst 1995 skal leyfilegur heildaraflí
úthlutað aflamark úr botniskögnundum vera sem hér segir:

Útan aflamarks

	Leyfilegur heildaraflí 1994/1995 Lestir	Líðu- aflí 1994/1995 Lestir	Jöfnunar- sjóður 1994/1995 Lestir	Króka- bátar 1994/1995 Lestir	Úthlutað aflamark 1994/1995 Lestir
1. Þorskur	155.000	14.211	6.458	21.500	112.831
2. Ysa	65.000	2.789	2.708	2.000	57.503
3. Útsi	75.000		3.125	2.300	69.575
4. Karfi	77.000		3.208		73.792
5. Gröðla	30.000		1.253		28.747
6. Stærköli	13.000		543		12.457

Þg. n. 41/1994.
Aflí samkvæmt útlagsreindu mýkast við óslagðan fisk með haus.
Aflamark einstakra skipa skal mýkast við slagðan fisk með haus í öðrum tegundum
en karfa.

Á aðeins 32 mánuðum hafa smábátar á aflamarki misst 70% sinna veiðiheimilda, ásamt fjölmörgum útgerðaraðilum smærri skipa og vertíðarbáta. Áhyggjur þessara aðila af þeim staðreyndum eru engar, þar sem þetta snertir ekki verksmiðjuskipasægreifana. Er þetta þó eitt brýnasta úrlausnarmál löggjafans við endurskoðun laga um stjórn fiskveiða.

Þessar hrikalegu skerðingar eru ekki komnar til vegna veiða smábáta.

Stórútgerðarmenn eru með málflutningi sínum að reyna að hvítþvo hendur sínar af þeim 1,2 milljónum tonna af þorski sem þeir hafa sjálfir veitt umfram tillögur fiskifræðinga frá árinu 1977. Afli smábátanna sem þeir nú segja allt skipta sköpum nemur 0,8% þess afla.

Að auki er stöðugt hamrað á því að verði frumvarp ráðherra að lögum skerðist aflamark annarra skipa um 10%, en smábátar haldi öllum sínum veiðiheimilum.

Þarna eru allar tölur stórlega ýktar og vísa smábátaeigendur þessu á bug en vilja vekja á því athygli að frumvarpið gerir ráð fyrir að þorskaflí krókabáta verði skertur um tugi pró-senta.

Banndögum fjölgað

Svo fór að lögum var breytt og því bjargað að kvótasetning krókabáta kæmi til framkvæmda 1. september 1994. Í staðinn yrðu auknar takmarkanir settar á veiðar þeirra með fjölgun bann-daga. Auk þess sem verið hafði voru veiðar bannaðar

aðra og fjórðu helgi hvers mánaðar auk föstu-daga á undan hvorri helgi. Þá var fiskveiðiarinu hjá krókabátum skipt upp í fjögur veiðitímabil og hámarksaflí ákveðinn á hverju tímabili. Við þetta var bætt ákvæði sem telja mundi daga næsta árs niður með öruggum hætti færi aflí þeirra umfram það sem þeim var skammtað.

Rétt er að birta reikniregluna hér upp lesendum til létttrar upprifjunar:

„Fari aflí á einhverju veiðitímabili fram úr fyrrgreindu hámarki skal bann-dögum á sama tímabili á næsta fiskveiðiarí fjölgað. Í því sambandi skal reikna meðalafla á dag á umræddu veiðitímabili liðins fiskveiðiarís og finna viðbótarbann-daga með því að deila þeirri tölu í viðkomandi umframafla. Skal bann-dögum fjölgað um heila daga og broti sleppt Hámarksaflí skv. 4. mgr á viðkomandi tímabili næsta fiskveiðiarís skal lækka sem umframaflanum nemur.

Viðbótarbann-dögum skal bætt framan við bann-daga á viðkomandi tímabili og skipt eins jafn niður og unnt er“ (5. og 6. mgr. 6. gr. nr. 38/1990)


Hætt er við að einhverjir þingmenn hafi hikstað þegar þeir hafi samviskusamlega lásu þennan frumvarpstexta sem þeir samþykktu svo sem lög.

Veiðiheimildir sexfaldaðar

Bann-dagar voru nú orðnir alls 124 og þótti mönnum nóg um. Áfram börðust menn þó í kerfinu vongóðir um að „Eyjólfur mundi hressast“.

Vissulega hafði hann gert það þar sem í einni svipan voru komnar nýjar tölur um leyfilegan þorskafla krókabáta. Hann hafði rúmlega sexfaldast, hlutdeild úr 2,18% í 13,9%. Kerfis-breytingin varð undanfari þorskaflahámarksins og áframhaldandi bann-dagakerfis sem hófst 1. september 1995.

Örn Pálsson framkvæmdastjóri
Landssambands smábátaeigenda



*Óskum landsmönnum öllum
gleðiríkrar hátíðar
og farsældar á nýju ári*

Starfsfólk Ísfells



ÍSFELL

Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is



Skortveiðistefna og afskiptaleysi stjórnvalda

Gleymdist fjöreggið ?

Athygli vakti mína að í nýliðnum kosningum var ekkert rætt um fjöregg þjóðarinnar, fiskveiðar. Eini flokkurinn sem boðaði frjálsar handfæraveiðar og breytingar á fiskveiðistjórninni sem einhverju nemur fékk ekki mikið brautargengi.

Ekki tjóir að gefast upp heldur berjast fyrir bættu þjóðfélagi. Það er sláandi að þegar allir vöktu máls á því að byggja þyrfti upp innviði leit enginn til þess hvernig þjóðfélagið var byggt upp. Hvernig við vorum dregin út úr moldarkofunum með fiskveiðum sem lögðu grunninn að velferð og sjálfstæði þjóðarinnar. Frelsi einstaklingsins var lykillinn að baráttunni fyrir að geta séð sér og sínum farborða. Áratugum saman veiddum við á bilinu 380-500 þús tonn úr fiskveiðilögsögunni. Með tilkomu kvótakerfisins á níunda áratugnum og frjálsa framsalinu seig á ógæfuhliðina. Hafró týndi 345.000 tonnum af þorski og sett var á skortveiðikerfi þar sem allri gagnrúni á aðferðir og útfærslu kerfisins var stungið undir stól með dyggri aðstoð alþingis og ekki síst landsbyggðarþingmanna.

Það er smjörklípa að segja að meðferð afla hefði ekki batnað og virðisauki aflans aukist jafnt og þétt um landið, en ekki safnast á fáar hendur líkt og orðið er. Forysta Íslands á fiskmörkuðum og orðspor var byggt upp fyrir daga kvótakerfisins. Okkar markaðir hafa margir tapast með skortveiðistefnunni og nú er norskur fiskur í forystusætinu. Við skulum ekki gleyma því þó margir haldi að hjólið hafi verið fundið upp með kvótanum að margvíslegur iðnaður varð til fyrir daga kvótakerfisins. Fyrirtæki eins og Marel og Hampiðjan urðu til fyrir daga þess. Hví hafa ekki fleiri sprotafyrirtæki sprottið upp á landinu fyrst að kerfið er svona gott? Svarið er að þetta er landeyðingarstefna sem er að gera út af við sjávarplássin. Sjómenn eru kúgaðir í samningum og sitja við afakosti að kaupa hluti í atvinnutækjunum og olúna á þau líka, þrátt fyrir ofsagróða margra útgerða. Steininn tók úr þegar framkvæmdastjóri SFS (LÍÚ) hótaði að fara með fiskinn úr landi til vinnslu.

Í 1. grein laga um stjórn fiskveiða stendur:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.“

Þarna hefur okkur hrapalega mistekist svo vitnað sé í Einar Odd Kristjánsson þann ágæta mann. Það er furðulegt í dag að flokkar sem kenna sig við frjálslýndi skuli verja þessi mannana verk. Jafnvel Sovétstjórnin eða ítalska mafían hefðu ekki reynt þetta. Byggðir og atvinna er víða í rúst. Sem betur fer er ekki búið að breyta 1. grein laga um fiskveiðar þó margar atlögur hafi verið gerðar að henni. Þöggun og meðvirkni með kvótakerfinu er yfirgengileg.

Á Akranesi er sviðin jörð eftir kvótakerfið. Örfáir bátar eftir með kvóta, margir að selja eða búnir að selja kvótann og engin endurnýjun á sér stað. Fiskmarkaðurinn lokaður og lítið sem ekkert af fiski berst að landi. Störf, fiskimið, menning og sá blær sem einkennir sjávarþorp er að deyja út. Og enn fækkar kvennastörfum á Akranesi. Viljum við það? Hver er stefna nýrra þingmanna og flokka þeirra? Hvernig sjá fulltrúar okkar á alþingi fyrir sér að nýliðun eigi sér stað í fiskveiðum? Það er til lausn og hún er sú að skipta um fiskveiðistjórnunarkerfi. Ekki þarf að taka neitt af neinum og vel



Stefán Skapti Steinólfsson búsettur á Akranesi. Sá mikli útgerðarbær man fífil sinn fegurri

hægt að leggja af veiðigjöld. Galdurinn er að veiða meira úr þeirri auðlind sem við erum að sóa við fætur okkar. Það er hægt að breyta mannanna verkum. Veitum aðhald, verum gagnrýnin veiðum meira af fiski. Nú þarf að byggja upp þjóðfélagið á öllum sviðum.

Stefán Skapti Steinólfsson, Akranesi





Farfish verkefninu er stýrt af Íslendingi. Myndin er frá Malasíu

Íslendingar í rannsóknum- á veiðum evrópska fiskveiðiflotans í Suður-Atlantshafi og Indlandshafi

Um 20% afla evrópska fiskveiðiflotans er fenginn utan evrópskra hafsvæða. Þessi afli er meðal annars fenginn á alþjóðlegum hafsvæðum og innan lögsögu strandríkja þar sem samningar hafa verið gerðir um aðgengi evrópska flotans. Samningar við strandríki eru með ýmsum hætti, en algengast er að Evrópusambandið semji við ríkisstjórnir viðkomandi ríkja eða að einstakar útgerðir semji beint við yfirvöld. Þessar veiðar hafa verið nokkuð umdeildar, þar sem gagnrúnt hefur verið að evrópskar útgerðir séu með þessu að nýta náttúruauðlindir fátækra ríkja án þess að greiða sanngjarnt verð fyrir og á sama tíma að

verið sé að ganga á stofna sem innfæddir þurfi að reiða sig á til að sjá sér farborða. Nýlega fór af stað rannsókn- og þróunarverkefni sem stutt er af evrópsku rannsóknáætluninni (Horizon 2020) sem mun rannsaka þessar veiðar og koma með tillögur að úrbótum. Verkefnið kallast FarFish og er því stjórnað af Matís og meðal lykildátttakenda er Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna, sem staðsettur er hér á Íslandi.

Í FarFish verkefninu verður athyglinni beint að sex hafsvæðum, það er innan lögsagna Græn- höfðaeýja, Míritaníu, Senegal og Seychelleseyja,

sem og alþjóðlegra hafsvæða í suðaustur- og suðvestur- Atlantshafi. Safnað verður saman upplýsingum um líffræðilega, vistfræðilega, efnahagslega og félagslega mikilvæga þætti veiðanna og þær upplýsingar gerðar aðgengi- legar; fiskveiðistjórnun innan svæðanna verður greind í þaula og komið fram með tillögur að úrbótum; leitast verður við að auka ábyrgð evrópska flotans þegar kemur að nýtingu og upplýsingagjöf; og byggð verður upp þekking á grundvallaratriðum fiskveiðistjórnunar meðal hagaðila í strandríkjunum og innan evrópska fiskveiðiflotans.

Alls taka 21 stofnanir, háskólar og fyrirtæki alls staðar að í heiminum þátt í verkefninu, auk þess sem fjöldi hagaðila mun koma að verkefninu með einum eða öðrum hætti. Meðal þessara hagaðila má nefna alheimssamtök smábátasjómannna (e. World Forum of Fish Harvesters & Fish Workers – WFF), en tengiliður samtakanna við verkefnið er Arthur Bogason, fyrrum formaður Landssam- bands smábátæigenda (LS). Í verkefninu er mik- ilvægt að rödd smábátasjómannna heyrir og eru sjálfsagt fáir betur til þess fallnir en Arthur. Ljóst er að hér er um gífurlega mikilvægt málefni að ræða og ekki er ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur. Þó er einnig mikilvægt að hafa í huga að takist verkefninu að stuðla að einhverskonar framförum í þessum flóknu og oft á tíðum nær stjórnlausu veiðum, þá mun það geta haft úrslitaáhrif á viðgang mikilvægra fiskistofna og lífsviðurværi fjölda manna, jafnt í strandríkjunum landa utan Evrópu sem og í Evrópu.

Í gegnum tíðina hafa íslenskar útgerðir tekið þátt í veiðum innan lögsagna ríkja í Vestur-Afr- íku, þá sér í lagi Marokkó og Míritaníu. Hefur þá verið um að ræða beina samninga við yfirvöld á svæðinu (e. Private Agreements), sem fela það í sér að greitt er fyrir aðgang tiltekins fjölda skipa og hámarksafla. Í flestum tilvikum hefur aflanum þá verið landað annað hvort á Kanaríeyjum eða beint um borð í flutningaskip á hafi úti og því hafa veiðarnar skapað litla sem enga atvinnu fyrir heimamenn.

Það eru hins vegar þeir samningar sem Evrópu- sambandið hefur gert beint við einstakar þjóðir (svokallaðir Fisheries Partnership Agreements) sem hafa verið sérstaklega gagnrýndir í gegnum tíðina. Umhverfisverndar- og mannréttindasam-



Jónas R. Viðarsson hjá MATÍS er verkefnastjóri Farfish verkefnisins sem stutt er af Evrópusambandinu

tök hafa meðal annars bent á að það sé óeðli- legt að Evrópusambandið komi að samningum sem þessum þar sem sjálfbærni veiðanna sé ekki nægilega tryggð, ásamt því að í mörgum til- fellum séu veiðarnar oft á tíðum á „gráu svæði“ hvað varðar aðkomu viðsemjenda Evrópusam- bandsins. Upplýsingar um fiskistofnana, fisk- veiðistjórnun á svæðunum, áhrif veiðanna á vist- kerfið, innviðir til að hafa eftirlit með veiðunum, skráning afla og þekking viðsemjenda á grund- vallaratriðum fiskveiðistjórnunar eru meðal þeirra atriða sem menn telja að þurfi þar helst að bæta.

En hvernig stendur á því að Íslendingar skuli gegna lykilhlutverki í þessu verkefni? Jónas R. Viðarsson hjá Matís stýrir verkefninu og að hans mati eru fáir betur hæfir til að stjórna svona ver- kefni en Íslendingar. Að sögn Jónasar „ríkir mikil tortryggni milli Evrópusambandsins og viðsemj- enda þess þegar kemur að þessum veiðum. Því kemur sér vel að það séu Íslendingar sem leiði verkefnið, þar sem við erum álitin tiltölulega hlutlaus. Þá er almennt litið til Íslands sem fyrir- mynd góðrar fiskveiðistjórnunar, nýtingar og verðmætasköpunar; auk þess sem ekki er svo langt síðan að við stóðum í svipuðum sporum og viðsemjendur Evrópusambandsins standa nú, þegar evrópskur floti stundaði umfangsmiklar



***Kenía** MATÍS hefur verið með þróunarverkefni þar varðandi þurrkun á fiski*

veiðar á íslensku hafsvæði. Síðast en ekki síst gegnir aðkoma Sjávarútvegsskóla Háskóla Saminuðu þjóðanna gríðarlega miklu máli; en skólinn hefur nú verið starfræktur hér á landi í tuttugu ár og hefur á þeim tíma sannað gildi sitt svo um munar; fjöldi þátttakenda í FarFish verkefninu í Afríku, S-Ameríku og Indlandshafi eru t.d. fyrirverandi nemendur skólans“

FarFish verkefnið hófst nú í sumar og mun standa yfir næstu fjögur ár. Frekari upplýsingar um verkefnið má finna á heimasíðu verkefnisins www.farfish.eu

Jónas R. Viðarsson, verkefnastjóri



Easy2Clean

Mött málning sem létt er að þrifa
Ný snilldarlausn fyrir heimili þar
sem ýmislegt gengur á!



Svansvottuð - betra fyrir
umhverfið, betra fyrir þig

Síðumúla 22 | Sími 517 0404 | serefni.is
Opíð kl. 8-18 virka daga og kl. 10-14 á laugardögum



Fjöldi nafnanna hér að neðan tákna þá 62 smábáta sem enn tóra í aflamarkskerfinu síðan 1990. Að óbreyttu verða þeir horfnir innan fárra ára. Það er með ólíkindum að „besta fiskveiðistjórnunarkerfi í heimi“ hafi á 27 árum nánastr útrýmt þeim hluta fiskveiðiflotans sem eyðir minnstri orku til veiðanna

og valda minnstu raski í hafgrýminu. Nákvæmlega sama þróun á sér stað í krókaafلامarkinu. Nú hafa verið settar fram kröfur um að sameina krókaafلامarkið aflamarkinu. Er ástæða til að ætla að örlög þeirra aflaheimilda verði með öðrum hætti en hér kemur fram?

2017

Rán

Steina

Aldís

Fönn
Ýmir

Rúna

Jökla

Freysteinn
Jóna

Hængur

Ingibjörn

Hrafn

Þöll

Áslaug

Dúi

Friðjón

Húni

Alfreð

Marta

Anna

Dofri

Ása

Svava

Flóki

Doris

Gyrðir

Arnaldur

Sóllilja

Hervör

Sæþór

Dúfa

Sturla

Víðir

Nanna

Malla

Ver

Birkir

Bettý

Högni

Hrefna
Kjartan

Kári

Minney

Sigmar

Donna

Urður

Rikka

Örlaugur

Úlfa

Ágúst

Guðríður
Helgi

Björk

Zakarías

Silka
Eyþór

Garri

Helena

Frosti

Diljá

Guðný



Ásgrím L. Ásgrímsson og Michael Nevin, sendiherra Bretlands á Íslandi

Rás 16 – alþjóðleg neyðarrás sem hefur bjargað fjölmörgum mannlífum

Þeir sem eru eldri en tvævetur til sjós muna það glögglega að rás 16 var skilgræislaust opin alltan sólarhringinn. Þessi rás er endá alþjóðleg neyðarrás og skipstjórnendum ber lagaleg skylda að vera með hlustvörslu á henni. Mikilvægi þessa hefur síst minnkað þrátt fyrir nýjungar í fjarskiptum enda sífellt meiri kröfur gerðar í öryggismálum.

Til að ræða þetta tók Brimfaxi Ásgrím L. Ásgrímsson, framkvæmdastjóra aðgerðasviðs Landhelgisgæslunnar tali. Ásgrímur hefur starfað hjá Gæslunni frá unga aldri og hefur gríðarlega reynslu á þessu sviði.

Sp: Hvernig lítur þessi breytta staða út fyrir ykkur hjá Landhelgisgæslunni?

Þetta breyttist mjög mikið þegar farsímarnir komu til sögunnar. NMT símar voru komnir í skip og báta, en það góða við þá var að þeir voru skráðir á viðkomandi skip og báta. Þannig var hægt að halda skrá yfir hver væri með hvaða símanúmer. Þróunin hin síðari ár hefur svo aftur verið sú að menn eru ekki með fasta síma um borð, allavega ekki í minni bátunum. Menn eru með lausa gsm síma, útmist í vasanum eða inni stýrishúsi. Þetta þýðir að ef þarf að ná sambandi við viðkomandi bát, þarf að byrja á að fara í lögskráninguna til að sjá hverjir eru um borð, þaðan

á ja.is til að finna númer og vona síðan að menn séu með símann á sér eða heyrir í honum.

Sjófarendum er skylt að vera með hlustvörslu á uppkalls- og neyðarrásum, þ.á.m. rás 16 samkvæmt reglugerð nr. 53 frá 2003 um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa. Sú reglugerð byggir á lögum um fjarskipti nr. 107 frá 1999 og lögum um eftirlit með skipum nr. 35 frá 1993. Það kemur líka fram í ýmsum öðrum reglugerðum að skylt er að sinna hlustvörslu sem hluta af öryggi siglingavaktar.

Varðandi verkefnisstjórn um öryggi sjófarenda þá hefur það verið rætt hvort að verkefnisstjórnin ætti að beita sér fyrir því að settar yrðu reglur um að farsímar væru hluti af fjarskiptakerfi skipa og báta. Það hefur ekki orðið af því en verkefnisstjórnin hefur hinsvegar beitt sér með áróðri í fjölmiðlum fyrir bættari hlustvörslu á rás 16.

Það myndi breyta miklu fyrir okkur ef það væri fastur sími um borð – alveg niður í smæstu fley. Ég sit í nefnd um öryggismál sjómanna og þar hefur þetta verið rætt. Enn sem komið er hefur það ekki verið lagt til af hennar hálfu að lögbinda þetta.

Sp: En nú eru enn þann dag í dag skuggasvæði varðandi gsm símana. Það þarf t.d. ekki annað en að fara hér nokkrar mílur útúr Reykjavíkurhöfn og síminn er dottinn út.

Skuggasvæðin eru því miður til staðar og geta verið á ótrúlegustu stöðum – jafnvel hér í kringum Viðey. Gsm dreifingin er raunar sú sama og á VHF, með langdrægi uppá 30-40 sjómílar. Þar kemur einföld eðlisfræði til – stór skip með há lotnet ná sendingunum lengra frá og öfugt. Hæðin á landloftnetunum skiptir að sama skapi máli.

Á vorin lendum við stundum í því að ákveðin skilyrði í gufuhvolfinu hafa áhrif, bæði á VHF og AIS, sem vinnur á sömu bylgjulengdum. Þannig kemur fyrir að veið heyrum samskipti skipa í Norður-Noregi og Ermasundi.

Varðandi hlustun á rás 16, sem er neyðar og upptalsrás báta og skipa, þá gera alþjóðlegar reglur ráð fyrir því að hlustað sé á þessa rás.

Við höfum á því nokkurn skilning varðandi strandveiðibátana, að í þeirra tilfellum er kannski einn eða tveir menn um borð og eru útá dekki við veiðarnar. Það er engin reglugerð sem skikkar þá til að hafa t.d. hátalara útá dekk. En við mælum eindregið með því að menn hækki vel í talstöðinni og séu með vakt á 16. Það eru allar talstöðvar í dag með útbúnað sem gerir kleift að hlusta samtímis á tvær rásir. Í sumum tilfellum er þetta ekki flóknara en svo að menn lesi leiðarvísirinn til að virkja þennan möguleika.

Á út- og innstímum eru menn oftast í stýrishúsinu og þá er engin afsökun að vera ekki með góða hlustvörslu.

Sp: Rás 16 hefur fyrir löngu sannað mikilvægi sitt, ekki satt?

Jú sannarlega. En þess eru líka dæmi þar sem upp hafa komið atvik og skip og bátar í nágrenninu hafa ekkert heyrt. Þetta á því miður miklu fremur við um minni bátana en skýrist kannski að einhverju leiti af því sem áður er rakið.

Það gerðist hér fyrir nokkrum árum að lítill bátur var á leið frá Reykjavík til Akraness, að hann fylltist af sjó hér við Akurey, svo heppilega vildi til að þeir voru með stillt á 16 og gátu því strax komið frá sér neyðarkalli sem heyrðist í stjórnstöðinni við Skógarhlíð. Svo heppilega vildi til að slysavarnafélagsbátar voru með æfingu í Skerjafirði, æfing sem skyndilega breyttist í dauðans alvöru. Þeir voru eldsnökkir á staðinn, en það mátti ekki tæpara standa. Þarna lék neyðarrásin lykilhlutverk.

Annað dæmi átti sér stað ekki fyrir svo löngu fyrir utan höfnina á Hellissandi. Þar var um að ræða strandveiðibát og hann kom frá sér neyðarkalli á 16. Það kall heyrðist bæði um borð í einum af stærri bátunum á svæðinu, sem og í stjórnstöðinni í Skógarhlíð. Báturinn var kominn á slysstað eftir nokkrar mínútur, en þarna kom vel í ljós hvað hlutirnir geta gerst hratt þegar litlir bátar fyllast af sjó. Sama á við þegar upp kemur eldur. Af þessu höfum við langa reynslu.

Menn verða að hafa í huga að með því að hlusta á neyðarrásina eru þeir ekki aðeins að huga að eigin öryggi, heldur og þeirra sem eru í kringum þá. Þá er það líka ágætt fyrir aðstandendur í landi að vita til þess að þetta sé í lagi um borð.



Ásgrímur L. Ásgrímsson framkvæmdastjóri aðgerðasviðs Landhelgisgæslunnar

Sp: Hvað með ferilvöktun AIS?

AIS kerfið hefur ekki síður komið mörgum til bjargar. Hugsunarháttur manna hefur góðu heilli gjörbreytst gagnvart þessu kerfi, þ.e. að líta ekki svo á að stóri bróðir sé að fylgjast með, heldur sé þetta mjög mikilvægt öryggistæki. Það er gríðarlega mikilvægt að menn haldi þessum bún- aði í fullkomnu lagi. AIS kerfið hefur sýnt sig að vera í álíka mörgum tilfellum og rás 16 það fyrsta sem gefur til kynna að eitthvað sé að.

Eitt er það sem þarf að komast í betra lag en nú er, þ.e. þegar bátar ganga kaupum og sölum. Í AIS kerfinu eru þeir skráðir með ákveðnu nafni og svo hugsanlega seldir, en þá gerist það stundum að það gleymist að umskrá þá, en það þarf að gerast í AIS tækinu sjálfu um borð. Við hér í stjórnstöðinni sjáum þá alltaf rétta, því hjá okkur kemur upp skipaskrárnúmerið. En það eru skip og bátar sem sjá þetta undir nöfnum og ef þessu er ekki breytt í tækinu getur þetta valdið hættulegum misskilningi, ef upp koma óhöpp.

Við höfum rætt þetta við Samgöngustofu um að þetta verði skylda og eitt af því sem verði ætíð að skoða við árlega skipaskoðun, hafi bátur skipt um hendur í millitíðinni.

Mjög áriðandi er að við sölu og nafnaskipti sé umskráð í AIS tæk- inu sjálfu um borð

Er ekki AIS kerfið bylting frá forvera sínum, gamla STK kerfinu?

AIS kerfið er alheimskerfi, þú getur gengið inni búðir hvar sem er í heiminum og keypt búnað sem vinnur á þessu kerfi, en gamla STK kerfið var sérhæft kerfi hérlendis. Þá hefur orðið mikil bragarbót hvað varðar skuggasvæðin, þeim hefur stórfækkað þó þau séu ekki með öllu úr sögunni. Vissulega geta komið upp mál sem þarf að senda til þess sem sér um hugbúnaðinn, en AIS kerfið hefur reynst vel og hefur bara batnað með árunum.

Þá er ánægjulegt að geta þess að Siglingastofnun Evrópu mun fljótlega eftir áramót hleypa okkur inn á gervitungl með AIS sem þúðir væntanlega að skuggasvæðunum mun snarfækka, þó það fari vitaskuld eitthvað eftir stöðu gervitunglanna. Það er samt rétt að taka það fram að farsvið báta mun ekkert breytast við þetta.

Það er áriðandi að menn gefi þessu gaum. Fjar- lægðin sem ég nefndi, 30 – 40 sml er svæðið þar sem bátar fara að detta út í dag, bæði á VHF og AIS, en með því að færa AIS í gervitungl hætta þeir að detta út. Því er nauðsynlegt að menn hafi í huga að það verður að vera talstöðvar- samband við þá.

Sp: Marine Traffic fer í taugarnar á sumum og finnst að þar sé nánast um persónunjósnið að ræða.

Þær upplýsingar sem fram koma hjá Marine Traffic eru ekki frá okkur komnar. Öll gögn sem við söfnum hér er farið með sem trúnaðarmál. Hvað Marine Traffic varðar þá getur hver sem er keypt sér AIS tæki og farið að fylgjast með og á sama tíma sent frá sér. Einstaka hafnir, jafnvel einstaklingar og svo auðvitað stærri skipin geta fylgst með ákvæðnum radíus í kringum sig og þannig safnast upp þetta net sem menn geta svo séð á vef Marine Traffic.

VELDU TRAUSTAR VÖRUR ÞEGAR MEST Á REYNIR



Shell

RIMULA



HEAVY DUTY DIESEL ENGINE OILS



Öflugir rafgeymar
fyrir báta og skip

ZAP[®]
BATTERIES
SINCE 1925



Skeljungur hf. Pöntunarsími: 444 3001 www.skeljungur.is/fyrirtaeki



Skeljungur

Staðreyndin er sú að það getur verið mikill munur á myndinni sem við sjáum hér í stjórnstöðinni og það sem sést á þessum vef. Þannig getur það t.d. verið að á Marine Traffic vefnum á tilteknu hafsvæði sjáist lítil eða engin umferð á sama tíma og við sjáum talsvert líf.

Sp: Hvað með vörslu þeirra gagna sem safnast hér upp í stjórnstöð Gæslunnar. Hvernig er með þau farið og hverjum eru þau aðgengileg?


Það er ágætt fyrir menn að vita að samkvæmt lögum er óheimilt að afhenda gögn héðan nema innlendum rannsóknar- eða eftirlitsaðilum. Ef upp kemur brot sem er kært, þá er lögreglu og sjóslýsanefnd afhent umbeðin gögn. Þeir aðilar eru til sem hafa áhuga á að komast í þessi gögn, t.d. lögfræðingar sem eru að vinna í tilteknum málum og þeir hafa stundum farið fram á það.

Slíkum óskum er neitað og viðkomandi bent á þennan vinnuferil, þ.e. að ef það er kært er lögreglan sá aðili sem fær gögnin afhent.

Við hjá gæslunni gerðum okkur strax grein fyrir því þegar gamla STK kerfið fór af stað að úmsir höfðu úmigust á því að við kæmumst þarna í viðkvæm gögn sem hægt væri að nota til norna-veiða.

Því lögðum við strax áherslu á að slíkt mætti ekki verða. Það er lykilatriði að á milli okkar og sjófarenda sé gagnkvæmt traust.

Arthur Bogason



PS5002 VIKING PU Húðaður Nylon Flotgalli



VIKING PU Húðaður Nylon Flotgalli

Fjölpátta flotgalli með tvöfaldri einangrun sem hentar vel við íslenskar aðstæður. VIKING PS5002 uppfyllir allar kröfur sem gerðar eru til staðals og meira til. Flotgallinn er með innbyggt flot í baki sem gerir það að verkum að þú getur notað hann án björgunarvestis, það getur skipt sköpum við neyðaraðstæður!

- Flotgallinn er samþykktur af SOLAS og Siglingastofnun Íslands
- Flot innbyggt í baki
- Marglaga einangrun
- Stillingaról fyrir misjafnar stærðir
- Losanlegir hanskar auðvelda þér að fara í gallan
- Hífilína, félagalína ásamt neyðarljósi
- Fáanlegur í lofþéttum umbúðum
- Stærð: 140-200 cm
Yfirstærð: 190-210 cm

**Má nota án
björgunarvestis**



Saga og þróun DNG færavindunnar

Fyirtækið DNG var stofnað af einstaklingum árið 1982 og hófst framleiðsla á færavindum 1984. Í tímans rás hefur fyrirtækið komið að hönnun og framleiðslu margskonar rafeinda- og tæknibúnaðar.

Snemma komu nokkur önnur fyrirtæki að rekstrinum og lögðu lið við að koma á framfæri nýjum gerðum af færavindum.

Slippurinn Akureyri ehf. keypti allt hlutfé í DNG árið 2008 og var framleiðsla C-6000i færavindunnar haldið áfram en 2014 var hafin vinna við þróun fimmtu kynslóðar vindu sem þegar hefur verið kynnt og heitir C-7000i.

Framleiðsla fyrirtækisins varð fljótt mjög vinsæl meðal smábátasjómannanna, jafnt innanlands sem utan. Fyrsta gerð DNG færavindunnar var verulega frábrugðin þeirri vindu sem framleidd hefur verið undanfarin ár. Eftir því sem tæknin þróaðist var hönnuð og markaðssett ný gerð árið 1986 sem oft hefur verið kölluð sú „Gamla Gráa.“ Þessi vinda var framleidd næstu fjögur árin eða til 1990 við miklar vinsældir og er hún enn víða í fullri notkun. Næstu fimm árin, eða 1990-1995, var framleidd gerð sem kallast C-5000i sem var enn frekari þróun frá fyrri gerðum. Í byrjun árs 1995 kom síðan fram C-6000i vindan sem er þá í raun fjórða kynslóðin. Hún er enn í framleiðslu. Miklar framfarir áttu sér stað með tilkomu þessarar gerðar enda hafði mikil þróun átt sér stað í rafeinda- og tölvutækni. Nokkrar breytingar hafa þó orðið á C-6000i vindunni í gegnum tíðina, einkum á hugbúnaði.

Ný gerð C-7000i

Sem fyrr segir hefur þegar verið kynnt ný gerð sem nefnd er C-7000i og er þar um að ræða stærstu uppfærslu sem hefur átt sér stað á milli gerða frá því að C-6000i tók við af C-5000i og þessi nýja vinda er um margt frábrugðin fyrirrennarinum sem þó hefur reynst afar vel í yfir tuttugu ár.

Í rauninni er C-7000i vindan með sama góða DNG mótörinn og ytra útlit er líkt og áður var. Hins vegar er nú komin ný gerð af skjá, takkaborði, rafeindabúnaði og ýmsu öðru sem að notandanum snýr.

Nýjungarnar munu nýtast á öllum veiðiskap en ekki síst við makrílveiðar. Verulegar framfarir eru varðandi allar tengingar, bæði samtengingu á vindum og tölvutengingar. Tenging verður mun hraðvirkari og hægt verður að tengjast hvort heldur sem er með beintengingu á vindum við tölvu eða með þráðlausri WiFi tengingu. Þetta verður að teljast stórt atriði við t.d. makrílveiðar.

Ennfremur verða til möguleikar fyrir þjónustuaðila að tengjast vindunni í gegnum net og Bluetooth- tengi ef á þarf að halda, sem auðvitað getur hjálpað notendum mikið. Þetta veitir einnig möguleika á góðri þjófavörn því vindan er með innbyggðu GPS staðsetningarkerfi sem einnig veitir ýmsa aðra þróunarmöguleika. Einn mikilvægur þáttur GPS búnaðarins er rekkerfi vindunnar, þannig að vindan bregst sjálf við í samræmi við það hvernig bátinn rekur meðan verið er að veiðum. Ennfremur eru innbyggðir nemar fyrir greiningu á bylgjuhreyfingum sem geta greint hreyfingu bátsins á öldunum þannig að vindan geti tekið mið af þeim við veiðarnar.





C-7000i hefur nýja gerð af skjá sem er í lit og með mun skarpri upplausn en áður var og skýrari tákmyndir. Síðuskipan verður einfaldari og flettingar og aðgengi verður auðveldara með bættu takkaborði.

Örgjörvi vindunnar er orðinn mun öflugri og minnis rými hefur verið aukið sem býður upp á fjölmarga þróunarmöguleika fyrir forrit vindunnar. Nýr og betri talningabúnaður er í nýju gerðinni sem veitir meira öryggi en áður þekktist. Þá hefur nýja gerðin innbyggða raka- og hitanema sem geta gefið til kynna innra ástand vindunnar. Mótur C-7000i verður áfram samskonar og í fyrri gerð en hátíðnihljóð sem notendur C-6000i kannast við mun heyra sögunni til.

DNG C-7000i var fyrst kynnt opinberlega á Íslensku Sjávarútvegssýningunni í september 2017 og varð þar strax vart við gríðarlega mikinn áhuga fyrir vindunni. Sala á þessari nýjustu gerð af DNG færavindum mun hefjast á árinu 2018 og um leið opnast möguleikar fyrir eigendur C-6000i færavindunnar að fá þær uppfærðar. Í boði verður að uppfæra C-6000i vindur til jafnfætis við C-7000i og þá yrði mótur yfirfarinn um leið og vinda jafnvel blásin og lökkuð upp á nýtt.

Sala og markaðir.

Þegar nýtt strandveiðikerfi tók gildi árið 2011 varð mikil breyting hjá DNG, en sala innanlands hafði dregist mikið saman fyrir þann tíma. Fjöldi báta í hinu nýja kerfi varð strax mikill og margir nýjir aðilar hófu færaveiðar. Sala innanlands varð því mikil fyrstu árin eftir að hið nýja kerfi kom og nánast í beinu framhaldi hófust svo makrílveiðar smábáta af miklum krafti sem einnig jók sölu á nýjum færavindum. Gæði og góð ending DNG vindunnar hefur síðan haft þau áhrif að innanlands markaður mettaðist nokkuð hratt en

engu að síður er alltaf í gangi einhver endurnýjun. Nú er svo komið að um 90% af framleiddum vindum eru seldar erlendis og eru helstu sölusvæðin í löndunum við N-Atlandshafið, s.s. Noregi, Skotlandi, Írlandi og Kanada. Einnig er selt í einhverjum mæli til margra annarra landa í nánast öllum heimsálfum.

Vörumerkið DNG er vel þekkt enda hefur fyrirtækið starfað í yfir 35 ár og á þeim tíma bæði auglýst vörur sínar og tekið þátt í fjölda vörusýninga í mörgum löndum.

Framtíð DNG færavindunnar

Framtíðarsýn DNG mótast fyrst og fremst af því að halda áfram að vera leiðandi á sviði færaveiða, bæði hvað varðar tækni og gæði. Fyrirtækið vill nýta og fylgja eftir þeim nýju möguleikum sem sífellt eru að skapast samfara þróun á sviði rafeindatækni.

Það hefur verið DNG mikils virði að eiga tryggan heimamarkað sem fyrirtækið hefur átt gott samstarf við í gegnum árin. Þessi nálægð við reynsluríka notendur færavindunnar er ómetanleg og hefur það oft auðveldað úmsar prófanir og vörubrún.

Kristján B. Garðarsson
Framkvæmdastjóri DNG



Ef vilji er fyrir hendi er ekkert mál að gefa handfæraveiðar frjálssar á Íslandi

Hvar á að taka aflann?

Það hefur varla farið framhjá þeim sem fylgst hafa með baráttunni fyrir frjálsum handfæraveiðum að viðkvæði stjórn-málamanna og andstæðinga hugmyndarinnar er:

„hvar á að taka aflann?“

Einfalda svarið: úr hafinu.

Eftirfarandi er flóknari útgáfan – en í raun sama svarið:

Það er ljóst að ráðamenn, þeirra ráðgjafar og aðstoðarmenn eru löngu orðnir samdauna þeirri hugsun að vísindin hafi svo nákvæmar upplýsingar um stærð og afkomu fiskistofna að ekkert svigrúm sé til þess að auka frjálssræði þeirra sem stunda veigaminustu veiðarnar – handfæraveiðar á litlum bátum. Óhjákvæmilegt sé að skerða veiðiheimildir annara sem fiskveiðar stunda á sömu tegundum, eigi að auka frjálssræði handfæraveiðanna.

Í mínum huga lýsa þessi viðbrögð – „hvar á að taka aflann“ – yfirgripsmikilli vanþekkingu á eðli fiskveiða og fiskveiðisögu þjóðarinnar.

Gott og vel. Segjum sem svo að það verði að „taka af öðrum“ það sem skakmenn Íslands gætu hugsanlega dregið úr sjó.

Er til önnur nálgun á málinu en að reikna þeirra veiðar öðruvísi en gert er í dag?

Einfalt mál – ef vilji er fyrir hendi

Þetta er einfalt úrlausnarefni og bíður þess eins að í stóla sjávarútvegs- og forsætisráðherra setjist einstaklingar sem hafa innsæi og kjark til að hugsa „út fyrir Hafrókassann“.

Jafn ótrúlega og það hljómar, þá er staðreyndin sú að það hefur allar götur legið fyrir að það er leikur einn að gefa handfæraveiðar smábáta frjálssar við Íslandsstrendur og draga samtímis úr „skerðingu“ á veiðiheimildum annarra.

Nú er málum svo háttað að strandveiðum eru ætluð u.þ.b. 9-10 þúsund tonn á ári. Það þýðir að í upphafi hver fiskveiðiárs eru þeir 386 aðilar (m.v. síðustu fiskveiðiáramót) sem úthluta ðer kvótum, „skertir“ um c.a. 3% vegna strandveiðanna.

Atburðarásin er eftirfarandi:

1. *Hafró fer nokkra daga á sjó í mars/apríl ár hvert á örfáum togurum. Svo fáum að einungis þarf aðra höndina til að telja þá á fingrum sér. Þeir kasta og hífa samkvæmt aðferðafræði sem stöðluð var eftir miðbik síðustu aldar. Eftir að hafa talið fiskana sem veiddust tilkynnir stofnunin hversu margir fiskar voru skildir eftir í sjónum. Með fullri virðingu fyrir Einstein, Stephen Hawking og Bjarna Sæmundssyni, þá voru þeir allir fúskarar og snákaólúsölumenn miðað við nákvæmnisvísindi Hafró.*
2. *Íslenskir ráðamenn góna stóreygir og opinmynntir á glærusýningar sem að meðaltali sýna að allt sé á leið til andskotans ef ráðleggingum fiskifræðinga verði ekki hlýtt. Til að bjarga deginum (og heiminum) er jafnframt brugðið upp glærum sem sýna hversu stórkostleg framtíðin verður ef tillögunum er hlýtt í einu og öllu.*
3. *Sjávarútvegsráðherra ákveður, ábúðarfullur á svip fyrir framan myndavélarnar, aflaheimildir með beina tilvísan í þessi hárnákvæmu vísindi.*
4. *Hagfræði- og stjórnmálafræðiprófessorar Háskóla Íslands endasendast um heiminn til að boða fagnaðarerindið.*
5. *Erlendir gestir, sem óska eftir því að fá að fræðast um íslenska fiskveiðistjórnunarundrið hafa undantekningarlítið samband við sjávarútvegsráðuneytið, sem skipuleggur eftirfarandi:*
 - a. *Fund í sjávarútvegsráðuneytinu*
 - b. *Ferð í HB Granda*
 - c. *Fund í húsakynnum LÍÚ (SFS)*
 - d. *Fund með Fiskistofu*



Arthur Bogason

Í kjölfarið fara þessir aðilar heim með stjórnublik í augum yfir því hversu miklir snillingar búa hér á klakanum.

Það er varla nema von, þegar á framantalið er lítið, að stjórnvöld súpi hveljur þegar á tröppunum birtast ótýndir bússukarlar með handfærarúllu undir hendinni og heimta frjálsar handfæraveiðar.

Lái þeim hver sem vill að spyrja með þjósti:

„hvar á að taka aflann“

Svarið er einfalt


Í stað þess að draga afla skakara frá þeim afla sem Hafrannsóknastofnun leggur til og stjórnvöld samþykkja, skal hann dreginn frá stofnstærðarmælingunni ári síðar, hversu röng eða rétt sem hún er.

Hverju breytir þetta?

Dæmi 1:

Hafró leggur til að veiðar (samkvæmt aflareglu upp á 20%) á 240 þúsundum tonnum af þorski úr stofni sem hún mældi 1,2 millónir tonna. Séu 10 þúsund tonn eyrnamerkt strandveiðiflotanum þýðir það „skerðingu“ uppá 4,2% hjá aflamarksútgærdum að óbreyttu.

Handfæraveiðar gefnar frjálssar og aflinn færi í 20 þúsund tonn.
Súlurnar sýna hver skerðing handhafa aflamarks yrði annarsvegar með nógildandi aðferð og hinsvegar þeirri sem bent er á í greininni



Aflamarksútgerðir myndu „græða“ 15.200 tonn af þorski.
„Geta ekki allir verið sammála um það“?

Dæmi 2:

Í upphafi fiskveiðiársins er ákveðið að handfæra-veiðarnar séu frjálssar og reiknaðar ári síðar inni stofnstærðarmælingar.

Þá lítur dæmið svona út:

Sami handfæraafli, (10 þúsund tonn), dregin frá ári síðar í stofnstærðarmælingu þýðir „skerðingu“ á heimildum aflamarksútgerða uppá 0,8%, í stað 4,2%, miðað við að stofninn standi í stað milli mælinga.

Nú er líklegra en hitt að handfæraafllinn myndi aukast við að gefa veiðarnar frjálssar. Segjum sem svo að þær myndu aukast um helming (sem er ólíklegt, en ekki óhugsandi, þ.e. í 20 þúsund tonn).

Þá myndi „skerðing“ aflamarksútgerða vera 1,6% með hinni nýju aðferð í stað 8,4%, miðað við aðferðafræði dagsins í dag.

Til að jafna 8,4% skerðingu þyrfti handfæraafllinn að fara yfir 50 þúsund tonn í óbreyttu fyrir-komulagi. Það mun aldrei gerast.

Sá sem þetta skrifar veit fyrir víst að sjávarútvegsráðuneytið, Háskóli Íslands ásamt ónefndum

hagsmunasamtökum munu rísa upp á rönd og spyrja hvort ekki eigi þá að reikna afla allra íslenskra fiskiskipa með þessum hætti.

Þeir sem svo spyrja hafa engan kjark til að láta á reyna.

Skakmenn Íslands eru þeir einu sem enn eru nánast alfarið háðir sóknartakmörkunum. Þeirra takmörk eru náttúrulegar: veður, vindar, straumar, birta og fiskgengd á heimaslóð. Þá hafa ráðamenn sem telja almættið ekki standa sig, sett hámarksafli á dag, hámarksfjölda handfæravinda, hámarksútivistartíma á sólarhring og hámarksfjölda veiðidaga í viku. Þá er ótalið að þeir eru háðir heildarpotti aflaheimilda innan þess svæðis sem þeir kjósa að veiða á.

Skakmenn Íslands munu aldrei, undir nokkrum kringumstæðum hafa mælanleg áhrif á viðkomu nytjastofna á Íslandsmiðum. Þeir eru á sama tíma fulltrúar þess grunnildis sem sjósókn þjóðarinnar byggðist á frá fornu: **einstaklings-framtakinu**. Það var á því sem sjávarútveginum og þjóðinni óx fiskur um hrygg.

Þennan ómetanlega þátt í sögu þjóðarinnar til bættra lífskjara ber að virða og varðveita.

Arthur Bogason

Hreinlæti – lykilþáttur

í sjávarútveginum

Það er til enskt máltæki sem í lélegri þýðingu gæti hljómað að hreinlæti standi guðdóminum næst. Alla vega er ljóst að síauknar kröfur í hverskyns matvælaíðnaði hvað varðar hreinlæti er staðreynd. Þetta á ekki síst við um sjávarútvegin. Brimfaxi tók tali Bjarna Eggertsson, söluráðgjafa hjá Hreinlætislausnum ehf til að fræðast um þessi mál, en hann er með áratuga reynslu á þessu sviði.

Sp: Bjarni, þið sérhæfið ykkur í heildarlausnum fyrir sjávarútvegsfyrirtæki. Hvernig nálgist þið þessi viðfangsefni?

Við metum gæði þrifa og hvaða sápur, sótthreinsiefni og tæki duga best fyrir heildstæðar lausnir fyrir viðkomandi. Óhreinindum er hægt að skipta upp í tvennt, sýnileg óhreinindi t.d. afurðaleifar og blóð og ósýnileg óhreinindi s.s. lifandi gerla. Sjónmat er nóg til að meta hvort þrif hafi tekið á sýnilegum óhreinindum en til að meta þrif á ósýnilegum óhreinindum þarf ATP mæli, auk þess sem Bio finder finnur örverufilmur.

Sp: Gerlar eru aðal skotmarkið?

Megin tilgangurinn er að draga úr gerlafjölda í afurðum. Bætt þrif og kæling eru mikilvægir þættir til að fá betri afurðir með lengra geymslupól og minni lyktarmengun. Aukið geymslupól bætir ímynd framleiðenda og eykur líftíma afurða. Að öllu jöfnu eru kaupendur þá tilbúnir til að greiða hærra verð.

Sp: Hvernig eiga menn að skipuleggja sig?

Til að gæði þrifa séu eins og best verður á kosið þurfa vinnubrögð að vera rétt og skipulögð og unnin eftir vel skilgreindum þrifaplönum. Fyrirtækið Hreinlætislausnir leggur mikið upp úr kennslu og þjálfun viðskiptavina, gerð þrifaplana og úttekt á gæðum þrifa. Það er hægt að skipta þrifum upp í þrep sem felast í grófhreinsun, sápun þar sem hún fær réttan tíma til að vinna, burstun, skolun, mati á árangri og að lokum sótt-hreinsun. Það er grundvallaratriði að nota rétt



Bjarni Eggertsson hreinlætisráðgjafi og þjónustustjóri hjá Hreinlætislausnum ehf

efni í réttu magni og gefa efnunum nægan tíma til að vinna.

Ég hef unnið þrifaplön fyrir mörg af öflugustu vinnsluhúsum landsins. Það er mikilvægt að taka hugsunina um aukin þrif frammar í vinnsluferlið og ekki síður að huga rækilega að hreinlæti fiskiskipa og kara sem nýtt eru til að flytja afla frá bruggju í vinnsluhús.

Við erum að selja breiða línu af sápum og sótt-hreinsum frá ITRAM sem stendur frammarlega í vöruþróun. Þannig framleiðir ITRAM ensímsápu sem brýtur upp örverufilmu og er einstök á markaði. Lausnir þeirra byggja á litakerfi, eru lyktarlitlar og fara vel með starfsfólk.

Sp: Eitthvað sem hægt er að benda smábátaeigendum á?

Við erum með umboð fyrir úðabrúsa frá Tecnomar sem hafa verið á markaðinum á Íslandi til fjölda ára. Þeir henta sérlega vel um borð í smábáta. Þá erum við ætíð tilbúnir að aðstoða smábátaeigendur varðandi þrifaplön og úttektir áður en haldið er til veiða.



Séð út yfir höfnina í St. John's á Nýfundnalandi

Af grásleppumálum á Nýfundnalandi

Fyrir stuttu var formanni Landssambands smábátæigenda, Axel Helgasyni, boðið að flytja erindi á ráðstefnu um þorskeiðar, sem haldin var í Gander á Nýfundnalandi.

Einn af þeim sem Axel hitti á ráðstefnunni var Glenn Blackwood. Glenn á sér merkilega forsögu varðandi grásleppuveiðarnar við Nýfundnaland.

Glenn hefur verið viðloðandi sjávarútveginum s.l. 35 ár, þar af 17 ár í héraðsstjórn Nýfundnaland sem sjávarlíffræðingur og forstöðumaður auðlinda- og fiskveiðisvæða Kanada. Að auki hefur hann verið aðstoðamaður sjávarútvegsráðherra Nýfundnaland. Glenn fór þaðan í að stjórna nýsköpunarmiðstöð Kanada fyrir sjávarútveginn.

Ástæðan fyrir því að Axel tók við hann viðtal var hins vegar tenging hans við grásleppuveiðarnar, en Nýfundnalendingar voru um langt árabíl súa þjóð sem mest veiddu að þeirri gráu. Undanfarin ár hefur grásleppuveiðin ekki verið svipur hjá sjón.

Sp: Hvernig hófst þín aðkoma að grásleppuveiðunum?

Sem nemi í líffræði, fyrir u.þ.b. 35 árum vann ég að því koma á fót veiðum á grásleppu hér við Nýfundnaland. Í fyrstu vorum við að rannsaka aldursamsetningu grásleppunnar ásamt því að fylgjast með hrognafyllingu og magainnihaldi sem reyndist að mestu vera marglita. Við merktum að auki milli 3 og 4 þúsund grásleppur.

Við merktum grásleppuna í enda veiðitímabilsins vegna þess hversu hátt hlutfall hennar endaði aftur í netunum eftir að hún var merkt. Síðustu 2 daga veiðitímabilsins merktum við eins mikið og við komumst yfir og borguðum veiðimönunum fyrir hverja grásleppu sem var sleppt.

Við merktum á 6 svæðum og fengum merkin nær undatekningalaust til baka árið eftir á sömu svæðunum og þær voru merktar á. Það virðist vera þannig að ungvíði grásleppunnar yfirgefi strandsvæðin eftir ársdöl og ferðist um úthafið í efri lögum yfir veturinn. Að vori koma þær upp að ströndinni og hrygna í grunnum sjó á hörðum botni, í sprungur og misfellur.

Það var áberandi hversu stórt hlutfall grásleppunnar kom til baka til þess svæðis sem þær klöktust út á. Það er engu að síður athyglisvert að við veiddum grásleppur hundruðir mílna frá þeim stað sem þær voru merktar á, einungis 6 dögum eftir merkingu. Það er sérlega áhugavert þegar horft er til vaxtarlags grásleppunnar. Okkur grunaði að þær væru sérlega lunknar að nýta sér strauma til að ferðast undan.

Þar sem grásleppuveiðar snúast um að að ná hrognum höfum við alltaf haft áhyggjur af viðkomu stofnsins. Það sem hefur einkennt veiðarnar eru sveiflur sem helgast af því að sótt er í að veiða grásleppuna þegar verðin eru há. Það leiðir til offramboðs sem lækkar verðið á næstu vertíð, svo mikið að fáir fara að veiða og þá myndast skortur sem hækkar verðið.

Sp: er einhver fótur fyrir því að ástæða þess að lítið hefur komið af hrognum frá Nýfundnalandi síðustu ár sé að menn fái meira greitt fyrir að vera á bótum heldur en að fara á veiðar?

Þetta er ekki alskostar rétt. En hér eru sjómenn með atvinnuleysistryggingar sem þeir fara á þegar þeir eru ekki að veiða, en missa þær ef þeir hefja veiðar. Þannig að þegar það fer saman að lítið veiðist og verðið er lágt, þá borgar sigstundum fyrir þá að fara ekki til veiða. Til þess að halda leyfi til að gera út bát þá eru takmarkanir á hvað annað þú mátt vinna við. Þær takmarkanir útiloka því sem næst alla aðra vinnu.

Sp: En þið gerðuð fleira en að merkja. Er rétt að þið hafið kafað með netunum, jafnvel þegar verið var að draga þau?

Það var úmislegt brallað. Ég kafaði meðfram grásleppunetum og taldi grásleppurnar sem voru í netunum áður en þau voru dregin og bar síðan tölurnar síðan saman við fjöldan sem kom um borð.

Þegar að ég taldi 80-90 grásleppur í netunum við botninn þá voru að skila sér 40-50 stykki borð.

Þetta fannst mér áhugavert og ég ákvað að kafa við net þegar þau voru dregin til að sjá hvernig grásleppan slyppi úr þeim. Það sem ég tók eftir var að þegar hún losnaði úr þá rúllaði hún oft niður með netinu þar til að hún valt út fyrir teinana og slapp.

En ég fann aðferð sem virkaði til að fanga þessar grásleppur sem rúlluðu niður eftir netinu. Við sögðum hinsvegar aldrei frá henni því að okkur þótti ágætt að vita til þess að ákveðin fjöldi fiska hefði undankomu úr netunum.

Aðferðin fólst í því að staga netin þétt til að mynda poka sem grípur hluta af grásleppunni sem losnar þegar netin eru dregin. Það hefur ekki tíðkast í Kanada að staga netin. Ég tók einnig eftir því að það munaði miklu að draga netin á réttu falli, þannig að þeim megin sem mestur hluti grásleppunnar kom í netin myndaðist vasi sem hélt lausu grásleppunum að netinu meðan dregið var.

Sp: Hvað með tilraunir til að kreista grásleppuna og sleppa henni?

Við rannsóknir kom í ljós að hrognafylling gat batnað um 30-40% eftir því sem leið á vertíðina og við gerðum prófanir á því að kreista grásleppuna þegar hún var kominn að hrygningu.

En við fundum það fljótt út að það var erfitt að kreista þær og að loft sogaðist inn í þær þannig að þær hefðu aldrei lífað af sleppingu.

Hér á Nýfundnalandi höfum við framleitt grásleppuseiði til notkunar við hreinsun laxalúsar og við höfum rætt hvort við ættum að gera tilraunir með að sleppa seiðum á ákveðnum svæðum í tilraunaskyni. Það er sannarlega



Axel Helgason og Glenn Blackwood ræða málin að lokinni ráðstefnu í Gander á Nýfundnalandi

áhugavert að skoða það í samhengi við hátt hlutfall endurkomu merktrar grásleppu.

Sp: Hvernig er veiðum á grásleppu stjórnað í Kanda?

Þegar við áttuðum okkur á því að við vorum að ofveiða grásleppuna, byrjuðum við á því að stytta veiðitímabilið. Veiðar hófust venjulega um leið og ísinn fór og veitt var þangað til að hrygningin var afstaðin.

Við byrjuðum á að taka viku framan og aftan af veiðitímabilinu. Það voru nú ekki aldeilis allir sáttir við þetta. Misjafnt var hvenær ísa leysti og sjómenn fullyrtu að þeir væru að missa af grásleppugöngunum. Stundum hófust veiðar vegna þess að atvinnuleysisbætur féllu niður um miðjan maí. Grásleppan er ein af þeim fisktegundunum sem virðist vera einhvers konar „menningararfleifð“ í hugum þeirra sem vinna við rannsóknir á henni.

Eftir því sem ég best veit eru bara þrír aðilar í heiminum sem hafa rannsakað þennan sérstæða fisk af einhverri alvöru; þeir Ole Bags frá Færeyjum, Viljálmur Þorsteinsson frá Íslandi og ég. Á þessu þarf sannarlega að gera bragarbót.

Axel Helgason



Umbúðamiðlun ehf

s: 555 6677

umb.is

*Okkar umbúðir eru ætlaðar undir matvæli
Vinsamlega skilið tómum umbúðum strax á næsta fiskmarkað*



SKOÐUM SKIPUM LAND ALLT



ÞÍNIR MENN Í SKIPASKOÐUN -áratuga reynsla

Stefán Hans Stephensen s 8608378
Axel Axelsson s 8608379
Einar Hilmarsson s 8651490
Guðmundur Hanning Kristinsson . . s 8608377
Guðgeir Svavarsson s 8953102
Guðmundur G. Guðmundsson s 8953103
Kristinn Jósep Gallagher s 8608370

stefans@frumherji.is
axela@frumherji.is
einarjh@frumherji.is
hanning@frumherji.is
gudgeirs@frumherji.is
gudmundur@frumherji.is
kristinnj@frumherji.is



Frumherji
Skipaskoðunarsvið



Óþekkti embættismaðurinn ætli hann sé ekki að störfum í sjávarútvegsráðuneytinu, eftir allt

Sjávarútvegs- ráðuneytið er með plan

Á forsíðu síðasta Brimfaxes stóð:

„Hver er stefna stjórnvalda gagnvart smábátafлотanum?“

Niðurstaðan var ekki fögur: markmiðið virðist vera að smábátaiútgerðin hverfi af sjónarsviðinu. Á aðalfundi LS í október s.l. voru fulltrúar ráðuneytisins spurðir hvort það hefði tekið til umfjöllunar þá skuggalegu þróun sem er að eiga sér stað varðandi fækkun smábáta í útgerð.

Jóhann Guðmundsson skrifstofustjóri ráðuneytisins svaraði því til að svo væri ekki. Rétt áður en skila þurfti þessu eintaki Brimfaxes í prentun komu fram upplýsingar sem setja þetta svar í allt annað ljós.

Starfshópur um endurskoðun á reglum um veiðarfæri, veiðisvæði og verndunarsvæði, sem þáverandi sjávarútvegsráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson skipaði 2015, skilaði niðurstöðu í apríl s.l. Það vekur sérstaka athygli að í skipunarbréfi starfshópsins kemur hvergi fram að hann skuli fjalla um stærðarmörk fiskiskipa.

Orðrétt niðurstaða starfshópsins:

„Það er mat starfshópsins að illframkvæmanlegt sé að leggja til breytingar, með faglegum rökstuðningi, á gildandi reglum um hvað sé „rétt stærð veiðiskips“ hvort sem það er við veiðar á einstökum tegundum eða á tilteknum veiðisvæðum. Það er jafnframt mat starfshópsins að of miklar stærðartakmarkanir stjórnvalda á veiðiskipum geti hamlað framþróun s.s. til bættrar aflamerðferðar, aðbúnaðar áhafnar og öryggismála.

Byggt á framangreindum forsendum telur starfshópurinn því rétt að allar nügildandi stærðar- og vélarafis takmarkanir verði felldar úr gildi. Starfshópurinn telur þó rétt að áréttu að einhverjar aðrar forsendur kunna að vera fyrir slíkum takmörkunum s.s. nýting strandsvæða til ferðamennsku eða sjónræn áhrif.

Ekki er tekin afstaða til þeirra stærðarmarka fiskiskipa sem notuð hafa verið til að skilja á milli skipa í aflamarkskerfinu og krókaaflamarkskerfinu. Um er að ræða mismunandi kerfi og því þörf á, með einhverjum hætti, að setja skil á milli þeirra kerfa. Stærðarmörk er ein leið til slíkrar aðgreiningar.“

Á aðalfundi LS vissu starfsmenn ráðuneytisins betur en fram kom í svarinu. Það er með plan:

Í bréfi til LS dagsett 17. nóvember s.l. varðandi niðurstöður starfshópsins sviptir ráðuneytið hulunni af sér. Það velur ráðuneytið það sem því þóknast úr niðurstöðum starfshópsins og birtir því ekki t.d. þetta úr niðurstöðum hans:

„Um er að ræða mismunandi kerfi og því þörf á, með einhverjum hætti, að setja skil á milli þeirra kerfa. Stærðarmörk er ein leið til slíkrar aðgreiningar.“

Spurningarnar sem ráðuneytið verður að svara eru þessar:

1. Vill það að smábátaiútgerð sé til á Íslandi?

Svarið verður birt í næsta Brimfaxes.

Arthur Bogason

ERTU KLÁR Í NÆSTU SJÓFERÐ?

Öryggisfræðsla til sjómanna hefur forðað mörgum sjómönnum frá slysum.

Með aukinni þekkingu og breyttu hugarfari sjómanna hefur öryggisfræðslan sannað sig.

Allir sjómenn eiga að sækja grunnöryggisfræðslunámskeið og síðan endurmenntun á fimm ára fresti til að fá lögskráningu í skiprúm.

Þann 1. nóvember 2010 tóku gildi ný lögskráningalög þar sem sú breyting var á að lögskrá skal á öll skráningaskyld skip sem gerð eru út í atvinnuskyni.

Ekki missa af næstu sjóferð vegna skorts á grunn- eða endurmenntunarnámskeiði í öryggismálum og skráðu þig í tíma á námskeið Slysavarnaskóla sjómanna



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Allar fyrirspurnir um námskeið og skráningar eru í síma 562 4884 eða á netfangið saebjorg@landsbjorg.is



©2022 • Olís • VINNULÍFAS



PROTECTION AGAINST EXTREMES

VEL BÚINN MANNSKAPUR VINNUR BETUR

Elka vinnu- og hlífðarfatnaður er lípur og þægilegur og tryggir góðan hreyfanleika. Vertu viss um að velja rétta fatnaðinn fyrir starfsfólkið þitt.

Sölu ráðgjafar Olís svara fyrirspurnum í síma 515 1100 og á pontun@olis.is.
Sendum hvert á land sem er.





Hvalur hf



RAFGEYMASALAN



samskip



Brimfaxi

Svæðisfélög Landssambands smábátæigenda senda félagsmönnum sem og landsmönnum öllum sínar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár!

Árborg, félag smábátæigenda á Suðurlandi
Smábátafélag Reykjavíkur
Báran, félag smábátæigenda í Hafnarfirði og Garðabæ
Elding, félag smábátæigenda í Ísafjarðarsýslum
Farsæll, félag smábátæigenda í Vestmannaeyjum
Félag smábátæigenda á Austurlandi
Fontur, félag smábátæigenda á Norð-Austurlandi
Hrollaugur, félag smábátæigenda á Hornafirði

Klettur, félag smábátæigenda á Norðurlandi eystra
Reykjanes, félag smábátæigenda á Reykjanesi
Sæljón, félag smábátæigenda á Akranesi
Skalli, félag smábátæigenda á Norðurlandi vestra
Smábátafélagið Strandir
Snæfell, félag smábátæigenda á Snæfellsnesi
Strandveiðifélagið Krókur
Drangey – Smábátafélag Skagafjarðar

ER
HVER NÁLEGUR AÐ
HUSTA A ÞIG?

Rás 16 er neyðarrás sjófarenda og alltaf opin.
Það að þú hlustir á hana getur skilið á milli lífs og dauða.